

SHALDOR
skoðun 14

KLICKADUR
KOSTNAÐUR
VIÐ NYTT BOK-
HALDSKERFI
RIKISINS!

KLICKADUR
KOSTNAÐUR
VIÐ NYTT
BOKHALDS-
KERFI

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Fólk
Markaðurinn
Svanurinn, fyrir
umhverfið og
heilsuna



FOSSBERG
IDNADARVÖRUR OG VERKFÆRI

Heyrnahlífar MAX 500
Verð: 1.495kr.

facebook.com/FossbergEhf

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
26. september 2012
226. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

**MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI***

*Samkvæmt prentmálakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



Hver á „já sæll!“?
Ragnar Bragason leikstjóri
og Jón Gunnar Geirdal eru
ósammála um tilurð frasa
úr Næturvaktinni.
sjónvarp 26

Svíar eru víst fyndnir
Sænski uppistandarinn
Johan Glans treður upp
fyrir Íslendinga.
grín 20



Stór dagur
Kvennalið Stjörnunnar
leikur sinn fyrsta Evrópuleik
í kvöld.
sport 22

veðrið í dag

VÍÐA ÚRKOMA Í dag verða víða
vestan eða norðvestan 5-10 m/s
og úrkoma en úrkomulítið SA-til.
Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4

**YFIR 10.000
EINSTAKLINGAR**
hafa nýtt sér legugreininguna frá
okkur og fengið rúm sérsniðið
að þeirra þörfum. Komdu og
prófaðu og við gerum þér tilboð
í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN
**Rúm
Gott**
ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Ópið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

Íslenskur smyglhringur hand- tekinn í Danmörku og Noregi

Íslendingar í haldi í Danmörku og Noregi vegna dópsmygls um alla Evrópu. Íslensk lögregla hefur fylgst með þeim í mörg ár. Tugir kílóa af amfetamíni fundust. Meintur höfuðpaur með þungan dóm á bakinu.

LÖGREGLUMÁL Hópur Íslendinga situr í gæslu-
varðhaldi bæði í Danmörku og Noregi grunað-
ur um að standa að baki fíkniefnasmyglhring
sem teygir anga sína víða um Evrópu.
Fyrst var greint frá málinu á vef DV fyrir
helgi, þar sem fram kom að sjö til átta manns
hefðu verið handteknir í Danmörku. Heimildir
Fréttablaðsins herma hins vegar að mennirnir
hafi verið handteknir bæði í Kaupmannahöfn
og Noregi og úrskurðaðir í varðhald.
Samkvæmt fréttastofu Stöðvar 2 í gær varð-
ar málið 35 kíló af amfetamíni og er eitt það
umfangsmesta sem íslenska lögreglan hefði
fengist við.
Málið er raunar svo umfangsmikið að
íslensk lögreglufirvöld hafa fylgst náið með



**GUÐMUNDUR INGI
ÞÓRÓDDSSON**

hópnum árum saman. Rann-
sókn málsins og kortlagning
fíkniefnaviðskipta mann-
anna hefur verið á forræði
lögreglunnar hér heima,
jafnvel þótt það snúist svo til
eingöngu um smygl á megin-
landi Evrópu, sem talið er
hafa staðið í áraraðir.
Aðalmaðurinn í hringnum,
sem nú situr inni í Kaup-
mannahöfn, er talinn vera
Guðmundur Ingi Þóródds-
son. Hann hlaut sjö ára fangelsisdóm á Íslandi
skömmu eftir aldamót fyrir að flytja til lands-
ins tæplega fjögur þúsund e-tölur frá Hol-

landi. Dómurinn var á þeim tíma sá þyngsti
sem Hæstiréttur hafði nokkru sinni kveðið upp
í fíkniefnamáli, að því er fram kom í fjölmið-
um. Guðmundur hefur verið búsettur erlendis
að mestu leyti síðan hann losnaði úr fangelsi.
Rannsóknin tengist ekki bara Kaupmanna-
höfn og Ósló, heldur teygir hún sig einnig til
Hollands og Spánar, að því er sagði á Stöð 2 í
gær.
Lögreglufirvöld bæði á Íslandi og í Dan-
mörku hafa engar upplýsingar viljað veita um
málið. Fréttablaðið náði tali af Karli Steinari
Valssyni, yfirmanni fíkniefnadeildar höfuð-
borgarlögreglunnar, í gær, en hann vildi ekk-
ert segja og vísaði á starfsbræður sína í Dan-
mörku.

- sh



ÞOKAST ÁFRAM Það var heldur draugalegt um að litast í Grafarvogi um tíma í gær þegar skall á
með niðdimmri þoku eftir glennusól fyrri part dags. Ástæða þessa var að í bjartviðrinu snöggkólnaði niðri við
raka jörð. Við það myndaðist þokan sem lá eins og teppi yfir borginni um tíma, en aðstæður sem þessar eru
nokkuð algengar síðsumars og á haustin á kyrrum dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ágreiningur innan ráðherraráðsins um refsireglur ESB vegna makrílveiða:

Danir segjast fara fyrir dóm

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkis-
ráðherra segir markverðustu tíðindin af sam-
þykkt ráðherraráðs ESB á refsireglum vegna
makrílveiða í gær þau að ágreiningur sé um
málið innan ráðsins. „Tvær þjóðir á meðal
þeirra stærstu í sjávarútvegi, Danir og Þjóð-
verjar, treysta sér ekki til að styðja tillöguna
og sátu hjá,“ segir Össur.
Danir skiluðu ítarlegri bókun í gær þar sem
þeir áskilja sér rétt til þess að vísa aðgerð-
um, sem kunna að beinast að Færeyjum, til



Evrópudómstólsins. „[Þ]að sem verður niðurstað-
an með Færeyjar hlýtur líka að gilda um Ísland.“
Össuri hugnast ekki málflutningur Maríu
Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB. „Mér þótti
sjálfum ekki gleðilegt að sjá Damaniaki tala eins
og blaðafulltrúa fyrir vini okkar og frændur
Norðmenn og lýsa því yfir að þeir væru með
þeim í þessu stríði. Ég tel það algjörlega óhugs-
andi að Norðmenn taki þátt í einhverju sem
ekki er í fullu samræmi við EES-samninginn.“
- shá / sjá síðu 10

Skelltu þér í áskrift!

568 8000 | borgarleikhus.is

Framtakssjóðurinn hagnast: Eignir hækkuðu um 15 milljarða

VIÐSKIPTI Eignir Framtakssjóðs
Íslands (FSÍ) eru metnar á 47,1
milljarð króna og eru því 15
milljörðum króna verðmætari en
þegar þær voru keyptar. Þetta
kemur fram í Markaðnum.
Framtakssjóðurinn hagnaðist
um 1,5 milljarða króna á fyrstu
sex mánuðum ársins. Rekstrar-
hagnaðurinn er tilkominn vegna
hækkunar á markaðsvirði nítján
prósenta eignarhlutar í Ice-
landair sem hefur hækkað mikið
í verði það sem af er ári.
Meðal helstu eigna FSÍ eru Ice-
landic Group, Vodafone, Advania,
Promens og N1.
„Framtakssjóðurinn á nú 45%
í N1 og við bindum miklar vonir
við að sú fjárfesting reynist
hagkvæm fyrir sjóðinn,“ segir
Brynjólfur Bjarnason, fram-
kvæmdastjóri FSÍ.
Hagnaður FSÍ nam 2,3 millj-
örðum króna í fyrra en sá hagn-
aður var að mestu kominn vegna
sölu á tíu prósentu hlut í Ice-
landair.

- kh, þsj / sjá Markaðinn

Væl gagnist tær

er færeyska og merkir
hið sama og „verði þér að góðu“.

Knorr kemur með góða bragðið!



Margrét, gengur þetta iÐi yfir?

Nei, en hins vegar verður maður iÐislegur með iPhone 5.

Fyrsta sending af nýjum iPhone 5 klárað-ist hjá Nova á fyrsta degi. Margrét Björk Tryggvadóttir, yfirmaður markaðssviðs, segir að á milli 300 og 400 viðskipta-vinir hafi komið í búðina til að kaupa og skoða gripinn.

Ný reglugerð um sundlaugar:

Gestir eiga að hlýða vörðum

ÖRYGGISMÁL Sundlaugagestum landsins ber nú skylda til að hlýða fyrirmælum starfsmanna sundstaða og er laugarverði heimilt að vísa gesti úr laug sé það talið nauðsynlegt til að tryggja öryggi á sundstaðnum. Þetta er meðal þess sem kveðið er á um í nýrri reglugerð um öryggi á sundstöðum, sem öðlaðist gildi í gær.

Auknar kröfur eru gerðar til innra eftirlits sundstaða í reglugerðinni. Þá hafa þær breytingar einnig verið gerðar að aldurs-takmörk sem kveða á um að börn þurfi að vera tíu ára til að fara ein í sund miðast nú við 1. júní árið sem börnin verða tíu ára, en ekki afmælisdag líkt og áður.

PRÓFKJÖR

Vill efsta sæti í Kraganum



Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sækist eftir fyrsta sæti á lista flokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir næstu Alþingiskosningar.

Hann er núverandi 1. þingmaður kjördæmisins.

Guðlaugur vill annað sæti

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill leiða lista flokksins í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu í komandi þingkosningum.



Guðlaugur sækist eftir öðru sæti í prófkjöri flokksins í Reykjavík.

Vill leiða Framsókn í borginni

Frosti Sigurjónsson, rekstrarhagfræðingur, sækist eftir fyrsta sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík. Frosti er stjórnarmaður í Heimsýn.

Arndís ætlar sér fyrsta sæti

Arndís Soffía Sigurðardóttir, varþingmaður Vinstri græns í Suðurlkjördæmi, sækist eftir fyrsta sæti flokksins í Suðurlkjördæmi fyrir þingkosningar.

Facebook segir engar brotalamir vera í öryggiskerfi síðunnar vegna fregna af einkaskilaboðum notenda:

Hættu á Facebook vegna skilaboða á veggjum

TÆKNI Miklar umræður spunnust á samfélagsmiðlinum Facebook í gær um að einkaskilaboð úr pósthólfum notenda væru að birtast á veggjum vina þeirra. Fjölmargir Íslendingar ákváðu í kjölfarið að loka reikningum sínum.

Fregnir af meintum galla í öryggiskerfi Facebook birtust fyrst í frönskum fjölmiðli um helgina. Frakkar höfðu tilkynnt að skilaboð frá tímabilinu 2008 og 2009 væru nú aðgengileg öllum, eins og umræðan hér á landi snerist um í gær. Forsvarsmenn miðilsins gáfu strax út yfirlýsingu að um væri að ræða gömul skilaboð sem vinir hefðu skrifað á vegg.

Í yfirlýsingunni segir að tæknilið Facebook hafi skoðað málið nákvæmlega og ekki sé um

að ræða skilaboð úr innhólfum eða spjalli notenda, heldur einungis gamlar færslur. Hvorki sé um að ræða galla í öryggiskerfi né aðgerðir óprúttinna aðila sem hafi hakkað sig inn í kerfið.

Blaðamaður Guardian velti upp þeirri hugmynd vegna fregnanna, að viðmót Facebook hafi breyst mikið síðan árið 2009 og að notendur átti sig ekki því á að þeir hafi þá látið fleiri athugasemdir falla fyrir allra augum en þeir gera í dag.

„Þetta snýr frekar að sálfræði en friðhelgi einkalífs – við höfum gleymt hversu mikið reynsla okkar af Facebook hefur breyst á þessum stutta tíma,“ segir í frétt Guardian.

- SV

Vinsælust í heimi

Facebook er vinsælasta vefsíða heims, ef marka má nýjustu fregnir erlendra fjölmiðla. Svo virðist sem samfélagsmiðillinn sé því kominn fram úr internetrisanum Google, sem hefur trónað á toppnum sem vinsælasta síða heims síðustu ár. Myndbandasíðan Youtube er í þriðja sæti, Yahoo í fjórða og Baidu.com, kínversk leitarvél, í því fimmta.



FJARKENNSLA Lilja Rut Rúnarsdóttir, sem kennir ensku og dönsku, leiðbeinir hér nokkrum nemendum Birkimelsskóla og getur haft auga með þeim á tölvuskjánum. Arnar Þór Arnarsson kennir svo börnunum samfélagsfræði.

ADSEND MYND

Börnin á Barðaströnd í kennslu frá Bíldudal

Vegna smæðar og fjarlægðar var ákveðið að prófa fjarkennslu í Grunnskóla Vesturbyggðar. Nemendur á Barðaströnd sitja nú dönsku-, ensku- og samfélagsfræðitíma á Birkimel en kennararnir kenna þeim í gegnum tölvur frá Bíldudal.

MENNTUN „Þetta hefur gengið ljómandi vel. Nemendurnir eru duglegir og sitja og læra og rétta upp bækurnar til kennarans,“ segir Nanna Sjöfn Pétursdóttir, skólustjóri Grunnskóla Vesturbyggðar. Brugðið hefur verið á það ráð að bjóða upp á fjarkennslu fyrir börn vegna fjarlægðar og fámennis. Fjarkennslan hófst nú í haust.

Grunnskóli Vesturbyggðar samanstendur af Patreksskóla á Patreksfirði, Bíldudalsskóla á Bíldudal og Birkimelsskóla á Birkimel á Barðaströnd. Aðeins níu nemendur eru í Birkimelsskóla og tuttugu í Bíldudalsskóla. „Okkur vantaði fólk til þess að kenna, það er einn kennari í Birkimels-

skóla,“ segir Nanna Sjöfn. Því varð úr að tveir kennarar á Bíldudal kenna nú börnunum á Barðaströnd í gegnum tölvur. „Það er kennd enska, danska og samfélagsfræði. Kennararnir sitja við tölvu og hafa þennan sérútbúnað og myndavél og þessu er varpað á stórt tjald í Birkimelsskóla svo allir sjái kennarann vel. Svo bara læra þau. Þetta er samkennsla og oft eru þau frá fjórða og upp í níunda bekk öll saman.“ Á meðan á þessum kennslustundum stendur fylgist kennarinn í Birkimelsskóla með eða gerir eitthvað annað.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem grunnskólinn prófar fjar-

kennslu. „Við tókum á sínum tíma þátt í mjög stóru verkefni sem hét dreifmenntaverkefnið, sem byggði á þessu. Það var tilraunaverkefni með fjarkennslu í grunnskólum sem snerist um að nýta fagkennara. Þá prófuðum við ýmsar útfærslur og nokkrum mánuðum seinna kenndum við hédan úr Vesturbyggð yfir á Snæfellsnes. Við kenndum dönsku og eðlisfræði því þá vantaði kennara þar. Þetta snýst um að nýta fagkennara og nú nýti ég mjög góða kennara á Bíldudal yfir á Birkimel. Þetta hefur gefist mjög vel og getur verið góð lausn þegar vantar kennara í þessum litlu skólum.“

thorunn@frettabladid.is



FLOGINN Á BURT Schmid flaug með eintak sitt af Fréttablaðinu í gær.

MYND/ISAVIA

Flugkappinn Carlo Schmid: Hélt hringfluginu áfram

FLUG Svissneski flugkappinn Carlo Schmid sem lenti á Reykjavíkurflugvelli á mánudagskvöldið flaug af landi brott rétt fyrir hádegis í gær. Hann á nú aðeins nokkra daga eftir af flugi sínu umhverfis jörðina.

Schmid er ekki nema tuttugu og tveggja ára gamall og hyggst verða yngstur allra til að fljúga einn umhverfis jörðina á einshreyfilsflugvél. Ferðin á að taka áttatíu daga.

Starfsmenn Isavia færðu Schmid eintak af Fréttablaðinu í gær. Mynd af honum prýddi forsíðu blaðsins.

- bph

Steingrímur J. Sigfússon: Úr tengslum við veruleika

KJARAMÁL „Þessar greiðslur eru algerlega úr takti við íslenskan veruleika, og það er vel skiljanlegt að íslenskir kröfuhafar séu óánægðir með þær,“ segir Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra um háan launakostnað slitastjórnar Glitnis.

Hann bendir á að kostnaður íslenska ríkisins sé enginn vegna þessa. Einungis kröfuhafar í þrotabú Glitnis beri kostnaðinn af greiðslunum.

Mikil óánægja er hjá stjórnnum lífeyrissjóðanna Gildis og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með háar launagreiðslur. Lífeyrissjóðirnir eiga báðir kröfur í þrotabú Glitnis.

- bph

Rannsóknarnefnd um sparisjóði klofnaði og formaðurinn hætti:

Nefndarformaðurinn varð gagnslaus

ALÞINGI Sigríður Ingvarsdóttir, formaður rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðakerfið, hefur bedist lausnar í kjölfar ágreinings við hina tvo nefndarmennina. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Sigríður, sem er héraðsdómari, var skipuð formaður nefndarinnar í fyrra. Hún fékk ársleyfi frá störfum við Héraðsdóm Reykjavíkur til að sinna nefndarstarfinu, en vinnan hefur tafist mjög og Sigríður fékk ekki framlengingu á leyfinu.

Í samtali við RÚV í gær sagði hún að auk þess hefði „óeining og vantraust“ verið á milli nefndarmanna og hún hafi klofnað í ágreiningi um hvernig skyldi halda áfram rannsókninni.

Sigríður sagði við RÚV að enginn ágreiningur hefði verið í nefndinni þangað til lögfræðin fór að spila stærra hlutverk í rannsókninni og við greiningu á því að hvaða niðurstöðu skyldi komast, samkvæmt lögum um nefndina.



„Í lögum um rannsóknarnefndir segir bara að meirihlutinn ráði því hvernig framkvæma skuli rannsóknina, verði ágreiningur um það, og meðnefndarmenn mínir mynduðu meirihluta gegn mér, og þar með var ég orðinn gagnslaus stjórnandi í þessari nefnd,“ sagði Sigríður.

Rannsóknarnefndin heyrir undir forseta Alþingis en Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingforseti vildi ekki tjá sig um ósættið við RÚV í gær en sagði nýjan formann verða valinn í dag. Forsætisnefnd þingsins heldur auka-fund í dag.

- sh

FORSETI ALÞINGIS Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir segir að nýr formaður verði skipaður yfir nefndina í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PILATES

Markmið Pilates er að lengja og styrkja líkamann með kerfisbundnum æfingum. Hver æfing er hvetjandi, virkjar kviðvöðvana og heldur iðkendum við efnið.

Kolbrún Þjálfari segir fólk koma afslappað út úr tímunum en jafnframt fullt af orku.

- Hefst 9. október
- 4 vikur
- Kennari er Kolbrún Jónsdóttir
- Þri og fim kl. 17:30-18:30
- Verð kr. 12.900



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is



NÝTT
Í HEILSUBORG!

„Allt gott samstarf byggir á trausti“

Velkomin í
Eignastýringu
Landsbankans

Eignastýring Landsbankans starfar með viðskiptavinum sínum að trausti uppbyggingu eignasafna. Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu, ábyrga ráðgjöf og upplýstar ákvarðanir. Verið velkomin í Eignastýringu.

Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir
Ráðgjafi í Einkabankaþjónustu



GENGIÐ 25.09.2012		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	123,77	124,37
Sterlingspund	200,78	201,76
Evra	159,75	160,65
Dönsk króna	21,422	21,548
Norsk króna	21,592	21,72
Sænsk króna	18,883	18,993
Japanskt jen	1,5905	1,5999
SDR	190,72	191,86
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
221,6366		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



DJÚPIVOGUR Læknislausir dagar sagðir öfugbróun.

Sveitarstjórn sammála HSA: Óviðunandi að vera læknislaus

HEILBRIGÐISMÁL Sveitarstjórn Djúpavogs segist taka undir ályktun læknaráðs Heilbrigðisstofnunar Austurlands um svokallaða læknislausu daga á Vopnafirði og Djúpavogi. „Sveitarstjórn tekur heilshugar undir með læknaráði að slíkar lausnir á rekstrarvanda stofnunarinnar séu óásættanlegar, hættulegar og mismuni stórlega íbúum á þjónustusvæðinu hvað heilbrigðisþjónustu varðar. Sveitarstjórn hvetur heilbrigðisyfirvöld til að snúa þessari öfugbróun við hið bráðasta þannig að íbúar svæðisins búi við ásættanlegt þjónustustig að þessu leytnu til framtíðar,“ segir sveitarstjórnin á Djúpavogi.

- gar

LÖGREGLUMÁL

Stal í Leifsstöð

Kona á fimmtugsaldri tók ófrjálsri hendi lítilræði af matvöru í verslun 10-11 í Leifsstöð fyrir fáeinum dögum. Þegar lögreglu bar að gæddi hún sér á þýfinu við brottfararhlíðið. Hún vildi gjarnan borga fyrir matinn en eitthvað fannst henni vandræðalegt að hafa hnuplað því lögreglan þurfti að hafa milligöngu um greiðsluna.

Hús Félags bókagerðarmanna fær nýtt hlutverk á aldarafmælinu:

Nýjar hótélíbúðir í hundrað ára húsi

SKIPULAGSMÁL Húsi Félags bókagerðarmanna við Hverfisgötu 21 verður breytt í íbúðahótel af félaginu RR Hótel sem keypt hefur húsið. Félagið rekur íbúðahótel við Hverfisgötu 45 undir nafninu Reykjavík Residence Hótel. Samkvæmt tilkynningu frá RR Hótel á að hefjast handa við breytingarnar um næstu mánaðamót og er áætlað að þeim ljúki í febrúar. Innrétta á tíu íbúðir á fjórum hæðum; sjö með tveimur herbergjum og þrjár stúdíóbúðir. Hverfisgata 21 er eitt hundrað

ára á þessu ári og nýtur verndar. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu gerir Húsafriðunarnefnd ekki athugasemdir við breytingar innan húss ef þær taka mið af upphaflegum frágangi. Þórður B. Bogason, framkvæmdastjóri RR Hótel, segir félagið hafa ágæta reynslu af því að gera upp eldri virðuleg hús og vísar þar í að á síðasta ári var Hverfisgötu 45, sem áður hósti Sendiráð Noregs og Söngskólann í Reykjavík, breytt í fimmtán íbúða hótél.

„Í endurbótunum var haldið í upprunalega mynd hússins að utanverðu, enda götumynd þess húss friðuð. Það sama gildir um Hverfisgötu 21, þó svo að breytingum séu fleiri skorður settar. Að innanverðu verður kappkostað að allrar stærri breytingar taki mið af uppruna hússins og byggingarstíl þess tíma en að húsið uppfylli jafnframt þær kröfur sem gerðar eru til hágæðagastiaðstöðu í miðborg Reykjavíkur,“ segir Þórður í tilkynningu.

- gar



HVERFISGATA 21 Hér gisti Kristján X Danakonungur ásamt Alexandrínu drottningu í heimsókn til Íslands árið 1926. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mikil óánægja starfsfólks með tafir á skýrsluskilum

Urgur er meðal starfsfólks Ríkisendurskoðunar vegna vinnu við skýrslu um innleiðingu bókhaldskerfis ríkisins. Formaður fjárlaganefndar segir traust hafa tapast. Ríkisendurskoðandi hefur ekki íhugað afsögn.

STJÓRNSÝSLA Mikillar óánægju hefur gætt innan Ríkisendurskoðunar með hversu lengi hefur tekið að vinna skýrslu um innleiðingu bókhaldskerfis ríkisins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kastljós RÚV greindi frá innihaldi skýrslunnar á mánudag, en þar kemur fram að kostnaður við verkefnið hafi farið langt fram úr áætlun. Skýrslan var í fjögur ár í vinnslu undir verkstjórn Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðanda, og önnur fjögur ár á borði Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda.

Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir að ekki hafi fengist viðhlítandi skýringar á því hjá Ríkisendurskoðun hvers vegna það dróst svo lengi að ljúka skýrslunni og skila henni til Alþingis. Ríkisendurskoðandi sat sameiginlegan fund nefndarinnar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær. Björn Valur segist vilja bíða frekari skýringa frá Ríkisendurskoðun, en traustið á milli stofnunarinnar og Alþings hefur beðið hnekki er mat hans.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir að vont sé að missa traust þingmanna og -nefnda, en hann verði að sitja uppi með það. „Það er ekkert sem ég get gert til að breyta sjónarmiðum einstakra þingmanna. Ef þeir eru á þeirri skoðun að ég, eða stofnunin sem slík, njóti ekki trausts verðum við bara að búa við það.“

Sveinn segist ekki hafa hugleitt afsögn í kjölfar málsins. „Það hefur enginn tími verið til að hugleidda eitt eða neitt í því sambandi.



SKÝRR Skýrsla ríkisendurskoðunar er um innleiðingu nýs tölvukerfis sem samið var um við Skýrr, síðar Advania. Formaður fjárlaganefndar segist ekki hafa séð jafn alvarlegar athugasemdir í skýrslu frá stofnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SVEINN ARASON



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Auðvitað er það náttúrulega þingið sem þarf að láta vita hvort það sé svo í reynd.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er aukafundur í forsætis-

nefnd þingsins á morgun, en nefndin ræður og getur, að fengnu samþykki Alþingis, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.

Þuríður Backman, 2. varaforseti Alþingis, segir að fundurinn hafi verið boðaður vegna máls sem er óháð Ríkisendurskoðun. „Ég er þess fullviss að mál Ríkisendurskoðunar kemur inn á borð nefndarinnar, en hvort það verður á morgun [í dag] veit ég ekki.“

Björn Valur vill að skýrsludrögum verði dreift til þingmanna með þeim fyrirvörum að um óklárað plagg sé að ræða. „Ég tel einboðið í sjálfu sér, fyrst þessi

drög eru á sveimi og hafa verið sýnd að hluta til í sjónvarpi, að þau verði prófarkalesin og afhent þingmönnum, hvort sem er í trúnaði eða ekki. Mér finnst líklegt að við gerum kröfu um að fá hana í hendurnar.“

Sveinn segir hins vegar að nú liggi fyrir að fullklára skýrsluna, enda sé um vinnuplagg að ræða sem ekki verði dreift. Slíkt geti tekið tíma.

Í umfjöllun Kastljóss í gærkvöldi kom fram að skýrslan verður birt á vef þáttarins, til að auðvelda milliliðalaus umfjöllun um málið.

- kóp / - shá

Tækifæri

H x b x d: 186 x 60 x 65 sm

SIEMENS Kæli- og frystiskápar

KG 36VNW20 (hvítur)
KG 36VWI30 (stál)

Tækifærisverð:
99.900 kr. stgr. (hvítur)
(Fullt verð: 129.900 kr.)

Tækifærisverð:
139.900 kr. stgr. (stál)
(Fullt verð: 179.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
veður-fréttamaður

KÓLNAR Í VEÐRI
Það verður víða úrkoma framan af degi en styttr upp í kvöld. Á morgun verður stíf norðaustanátt og rigning um allt sunnanvert landið en á föstudag má búast við úrkomu norðan til en þá léttir til syðra.

Á MORGUN
5-10 m/s, en 10-18 við V- og S-ströndina.

FÖSTUDAGUR
Hvöss norðanátt SA-til annars heldur hægari.

HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	22°
Berlín	23°
Billund	13°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	28°
London	15°
Mallorca	26°
New York	24°
Orlando	38°
Ósló	13°
París	16°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?

ÍSLENSKA SJÁLISVOR 38252 04/2



Heimilið
Líf- og heilsa
Bíllinn
Fyrirtækið

Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í barnaherberginu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 **vörður**

KJÖRKASSINN

Drekkur þú gosdrykki daglega?

JÁ

25,0%

NEI

75,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú slátur?

Segðu skoðun þína á Visir.is

Formaður Öryrkjabandalagsins er ánægður með breytingar á kosningalögum: Bestu kosningalög á Norðurlöndum

MANNRÉTTINDI „Þetta eru bestu kosningalögin á Norðurlöndum,“ segir Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, um fyrirhugaða lagabreytingu á kosningalögum. Breytingin gerir fötluðum kleift að velja sér aðstoðarfólk við kosningar.

Guðmundur segir að gott samstarf hafi verið haft við ÖBÍ og Blindrafélagið við samningu laganna. Farið hafi verið eftir athugasemdum félaganna í nánast öllum atriðum. Hann vonast til að málið fái skjóta með-



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

ferð á þingi, en Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mælir fyrir breytingunum í vikunni.

„Ég er að fara á norrænan fund í næstu viku og þar ætla ég að monta mig af lögunum. Það er mjög sjaldgæft að við getum það, því yfirleitt erum við þetta 15 til 20 árum á eftir í þessum málaflokki.“

Gert er ráð fyrir því að grund-

vallarreglan sé sú að kjörstjórnir aðstoði þá sem ekki geta kosið hjálparlaust. Ef viðkomandi vill sjálfur velja sér aðstoðarmann er honum það heimilt.

Stefnt er að því að lagabreytingin verði gengin í gildi fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá, sem fram fer 20. október. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin, en Ögmundur segir það mat manna að vel sé hægt að breyta lögunum þó kosningarnar séu í raun hafnar. Um rýmkun á rétti fatlaðra sé að ræða.

- kóp

20.000 í tungumálanámi:

Fleiri í málánámi en áður

SKÓLAMÁL Skólaárið 2011-2012 lögðu 19.342 nemendur á framhaldsskólastigi stund á nám í erlendum tungumálum eða 74,0% nemenda, segir í frétt Hagstofu Íslands. Þetta er ívið hærra hlutfall nemenda en undanfarin ár.

Flestir læra ensku og dönsku enda skyldunám flestra framhaldsskólanema. Þýska er í þriðja sæti en skólaárið 2011-2012 voru 4.547 nemendur skráðir í þýskunám; 17,4% framhaldsskólanemenda. Spænska er fjórða algengasta erlenda tungumálið.

- shá

Ógnarhernaður gegn almenningi

Loftárásir ómannaðra flugfara hafa kostað meira en 170 börn lífið í Pakistan á síðustu árum. Íbúar lifa í stöðugum ótta við sprengjuflygildin sem sveima yfir höfðum þeirra. Bandaríkjastjórn gagnrýnd fyrir að hunsa efasemdarraddir.

BANDARÍKIN Bandaríkjaher hefur síðustu árin í æ meiri mæli notað ómönnuð flugför til að varpa sprengjum á fólk í Pakistan. Tilgangurinn er sagður sá að drepa helstu leiðtoga hryðjuverkamanna, en árangurinn er umdeildur.

Tveir hópar fræðimanna við bandaríska háskóla segja Bandaríkjastjórn ekki segja sannleikann um þann skaða sem þessar árásir valda.

„Bandarískir stjórnálamenn og bandarískur almenningur geta ekki haldið áfram að hunska vísendingar um þann skaða, sem almenningur verður fyrir, og þau þverfugu áhrif sem þessi hnitmiðuðu mannvíg og skotflaugaárásir hafa í Pakistan,“ segir í nýútkominni skýrslu fræðimannanna, sem starfa við lögfræðideildir háskólanna í Stanford og New York.

Eftir níu mánaða rannsóknir, sem gerðar voru bæði á vettvangi í Pakistan og með viðtölum við fórnarlömb, vitni og sérfræðinga, segja fræðimennirnir engan vafa leika á því að árásirnar hafi kostað hundruð almennra borgara lífið á síðustu árum, þar á meðal 176 börn.

Þótt árásirnar hafi að öllum líkindum kostað fleiri hryðjuverka-



ÓMANNAÐ ÁRÁSARFLUGFAR Bandaríkjaher hefur í auknum mæli notað flugtæki af þessu tagi í Pakistan, Jemen og Sómalíu. NORDICPHOTOS/AFP

menn lífið en saklausa borgara, þá eru háttsettir liðsmenn hryðjuverkasamtaka einungis lítið brot af þeim sem látist hafa.

Að minnsta kosti er fátt sem styður fullyrðingar bandarískra stjórnvalda um að ómönnuðu flugförin séu nákvæm og örugg eða að þau bæti öryggi Bandaríkjamanna með einhverjum hætti. Þvert á móti bendi flest til að andstaða almennings við Bandaríkin hafi vaxið og staða hryðjuverkamanna jafnvel styrkst.

Þar að auki séu þessi ómönnuðu

flugför stöðug ógn í lífi almennings á þeim svæðum í Pakistan þar sem þau eru notuð.

„Tilvist þeirra skelfir karla, konur og börn, vekur kvíða og veldur sálrænum áföllum í samfélagi almennra borgara,“ segir í skýrslunni. „Þau sem búa undir skotflaugunum hafa stöðugar áhyggjur af því að hvenær sem er megi búast við mannskæðri árás, og gera sér grein fyrir því að þau hafa enga möguleika til að verjast.“

gudsteinn@frettabladinu.is

Vill ráðast að rótum reiðinnar

„Við verðum að lýsa því yfir í dag að þetta ofbeldi og þetta vægðarleysi eigi ekki heima á meðal Sameinuðu þjóðanna okkar,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

Í ræðunni hvatti Obama Sameinuðu þjóðirnar til þess að ráðast að rótum þeirrar reiði, sem brotist hefur út víða í ríkjum múslíma.

Hann minntist í því samhengi á bandaríska myndbandið, sem orðið hefur tilefni til mótmæla og ofbeldis vegna þess að þar er lítið gert úr Múhameð spámanni.



BARACK OBAMA

Obama sagði þetta myndband ekki síður særa Bandaríkjamenn en múslíma, en Bandaríkin geti samt ekki bannað mönnum að tjá sig.

Engin orð, hversu særandi sem þau eru, geti hins vegar réttlætt ofbeldi af því tagi, sem kostaði sendiherra Bandaríkjanna og þrjá aðra lífið í Líbíu nýverið.

„Sterkasta vopnið gegn hatursorðum er ekki kúgun, heldur fleiri orð – raddir umburðarlyndis sem taka höndum saman gegn fordómum og guðlasti og halda á lofti gildum skilnings og gagnkvæmrar virðingar,“ sagði Obama.

Barnaheill – Save the Children birta skýrslu með viðtölum við börn frá Sýrlandi:

Börn eru fangelsuð, pyntuð og myrt

SÝRLAND Sýrlensk börn upplifa fjöldamorð, pyntingar og önnur voðaverk, að því er fram kemur í nýrri skýrslu frá Barnaheill – Save the Children.

„Börn eru skotmörk í grimmi- legum árásum og upplifa dráp á foreldrum, systkinum og öðrum börnum, auk þess að vera vitni að pyntingum, eða verða sjálf fórnarlömb pyntinga,“ segir í tilkynningu samtakanna. Vísad er til frásagna barna frá Sýrlandi sem rætt hafa við hjálparstarfsmenn í flóttamannabúðum í Jórdaníu og Líbanon.

Haft er eftir Héðni Halldórs-

syni, upplýsingafulltrúa alþjóðahluta Barnaheilla í Amman í Jórdaníu, að hann hafi rætt við börn og unglinga sem greini frá margvíslegum voðaverkum, eða hvernig þau hafi orðið vitni að því að önnur börn, allt niður í níu ára aldur, hafi verið pyntuð eða myrt. „Vitnisburð þessara barna er ekki hægt að sannreyna fyrr en alþjóðasamtök fá fullan aðgang að Sýrlandi, en þetta er það sem starfsfólk okkar heyrir á hverjum einasta degi,“ segir hann.

Barnaheill standa þessa dagana fyrir söfnun vegna ástandsins í Sýrlandi.

- óká



SKOTINN Leyniskytta skaut drenginn hér að ofan í borginni Aleppo í Sýrlandi á föstudaginn var. Drengurinn grætur á sjúkrahúsinu þar sem gert er að sárum hans. NORDICPHOTOS/AFP

PROMENNT

www.promennt.is

BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKKingu

ALMENNT TÖLVUNÁM

Sérstaklega hagnýtt nám fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Helstu kennslugreinar eru Windows skjalavarsla, Word, Excel, Internet, Outlook tölvupóstur og dagbók.

Lengd: 60 std. • Verð: 54.000 kr. • Hefst: 3. október

EXCEL – FRAMHALD

Þátttakendur læra hvernig beita má Excel á stórar töflur og vinna úr gögnum á fjölbreyttan hátt, m.a. með Pivot-töflum og gröfum, ásamt notkun Excel við flóknari verkefni og til útreikninga. Að auki verða tekin fyrir nokkur gagnleg fjármálaföll, uppfletti- og leitarföll ásamt Data Tools verkfærunum. Áhugasömum gefst færi á að skyggjast í Excel 2013.

Lengd: 15 std. • Verð: 29.900 kr. • Hefst: 9. október

STYTTRI TÖLVUNÁMSKEIÐ

Stutt námskeið í stökum forritum, sjá nánari lýsingu og stundaskrá á promennt.is.

	HEFST	LENGD	VERÐ
Word 2010	5. okt.	21 std.	29.900
Excel 2010	15. okt	21 std.	29.900
Outlook 2010	24. okt	10 std.	15.000

VEFSÍÐUGERÐ OG MYNDBANDAVINNSLA

Í boði eru nokkur mismunandi námskeið í vefsíðugerð og myndbandavinnslu fyrir byrjendurog lengra komna. Meðal námskeiða sem hefjast á næstu dögum eru:

	HEFST	LENGD	VERÐ
Dreamweaver frh.	22. okt	21 std.	29.900
Joomla	2. okt	20 std.	26.900
WordPress	6. nóv	26 std.	32.000
Myndbandavinnsla og tækniþrellur	2. okt	100 std.	119.000
Einföld myndbandavinnsla	4. okt	18 std.	24.900

MICROSOFT VOTTUN

FJÁRFESTING Í BEINNI

DAG- OG KVÖLDNÁM

Skráning fara fram á www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.

Hjá Promennt er boðið upp á fjárfestingu í beinni.

Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnáms.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is

PIRATENNA • SÍA

HINN EINI SANNI *sláturmarkaður!*



**ÓDÝRT
OG GOTT!**
Keppurinn á
ca. 96 kr.

SLÁTUR MARKAÐUR

ferskt daglega!

í Hagkaup SMÁRALIND
frá 20. september.

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

 Smáralind

LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

Sérvalinn og snyrtur
½ lambaskrokkur
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

1198kr/kg



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein fers betra verð

VEISTU SVARID?

1. Hvað vantar mikið upp á að auknar eldsneytisálögur skili því sem ætlað var í síðustu fjárlögum?

2. Svisslendingur reynir að fljúga umhverfis jörðina í einshreyfilsvél. Hvað er hann gamall?

3. Hverjir eru nýir verndarar samtakanna UN Women?

SVÖRIN

1. Hálfan milljarð króna. 2. Hann er tuttugus og tveggja ára. 3. Sigríður Dína Kristinsdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir.

ÞYRLUR LHG Sjóðurinn á að efla öryggi með söfnun til kaupa eða leigu á þyrlu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirum starfsmenn safna fé: **Stofna sjóð til kaupa á þyrlu**

ÖRYGGISMÁL Nýverið var undirrituð skipulagsskrá fyrir Þyrlukaupa-sjóð en stofnandi sjóðsins er félag fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslunnar og Sjóælinga Íslands, svokallað Öldungaráð. Stofnfé sjóðsins eru tvær milljónir króna sem Ásatrúarfélagið gaf í söfnun til kaupa eða leigu á þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna eða búnaðar í björgunarþyrlu. Markmið sjóðsins er að vera vettvangur allra landsmanna til að efla öryggi lands og þjóðar með því að safna fé til kaupa/leigu á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna eða til kaupa á nauðsynlegum búnaði um borð í björgunarþyrluna eða búnaði fyrir áhafnir.

KÓPAVOGUR

Listaverk tíu ár í viðgerð

Útilistaverk eftir Jóhann Eyfells sem var í Hlíðargarði í Kópavogi hefur nú verið í viðgerð í tíu ár. Formaður lista- og menningarráðs bæjarins ákvað að fá upplýsingar um gang málsins frá forstöðumanni Gerðarsafns eftir að Hjálmar Hjálmarsson, fulltrúi Næstbesta flokksins, spurðist fyrir um afrðif listaverksins.

www.volkswagen.is

Fullkomið leiðsögukerfi fyrir Ísland

Tiguan Sport & Style kostar aðeins frá

5.790.000 kr.

Volkswagen Tiguan

Frelsi til að ferðast

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.



Das Auto.

Grunuðum amfetamínframleiðanda laus úr gæsluvarðhaldi:

Einnig talinn hafa framleitt MDMA

LÖGREGLUMÁL Tæplega fimmtugur maður, sem var handtekinn fyrir tveimur vikum grunaður um fíkniefnaframleiðslu í bílskúrnum sínum, er nú laus úr gæsluvarðhaldi.

Ekki var talin þörf á að halda honum í gæsluvarðhaldi og einangrun lengur, þótt málið sé enn ekki að fullu upplýst.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að maðurinn hafi framleitt bæði amfetamín og MDMA, svokallað e-töfluduft, í aðstöðunni sem hann hafði komið sér upp. Þó var verksmiðjan langt

frá því að vera eins fullkomin og sú sem var upprætt í Hafnarfirði sumarið 2008 og leiddi til þungra dóma yfir Tindi Jónssyni og Jónasi Inga Ragnarssyni.

Maðurinn var handtekinn 13. september síðastliðinn eftir að lögreglan fann búnað og efni til framleiðslu fíkniefna í bílskúr í Efstasundi. Þá var einnig leitað í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði í tengslum við málið. Mikið magn af efnum fannst og voru þau öll send Háskóla Íslands til greiningar. Þeim greiningum er ekki enn lokið.



MIKIÐ UMSTANG Gríðarlegur viðbúnaður var í Efstasundinu þegar málið kom upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þynnntu út aðra hluthafa

Aðrir hluthafar en Bakkavararbræður áttu 55 prósent hlut í Existu fyrir ólögmætu hlutafjárukninguna.

Peir voru þynnntir niður í 13 prósent. Fyrirtækjaskrá treysti Logos og Deloitte og skráði því aukninguna.

FRÉTTASKÝRING

Hvað er talið að Lýður Guðmundsson og Bjarnfreður Ólafsson hafi gert?

Ákæra á hendur Lýði Guðmundssyni, fyrrum aðaleiganda Existu, og Bjarnfreði Ólafssyni, eins eigna Logos, snýst um snúning sem ráðist var í til að tryggja yfirráð yfir félaginu. Með honum ætluðu fyrrum aðaleigendur Existu, Lýður og bróðir hans Ágúst, að þynna út aðra hluthafa með því að borga tvo ára fyrir hverja nafnvirðiskrónu. Þetta telur sérstakur saksóknari varða við lög og geti varðað tveggja ára fangelsi.

Exista var skráð á hlutabréfamárkad fram að hluthafafundi sem haldinn var 30. október 2008. Samtals áttu aðrir aðilar en bræðurnir Lýður og Ágúst tæplega 55 prósent hlut í Existu á þessum tíma. Kaupþing, sem var stærsta eign félagsins, var líka stærsti lánveitandi Bakkabraedur Holding B.V., hollensks félags sem hélt utan um eign bræðranna í Existu. Í ákær- unni yfir Lýði og Bjarnfreði segir að „miðvikudaginn 3. desember 2008 sendi Nýi Kaupþing banki hf. [síðar Arion banki] félaginu og ákærða Lýði tölvupóst þar sem farið var fram á greiðslu inn á lán bankans til félagsins og/eða að settar yrðu frekari tryggingar. Skyldi það gert eigi síðar en 8. desember. Að öðrum kosti myndi bankinn leysa til sín hlutabréf í Exista hf., sem félagið [...] hafði sett bankanum að veði“.

Ljóst var að bræðrunum hugn-

Rannsókn lokið á sölu á Bakkavararhlut



SNÚNINGUR Eftir að Arion banki reyndi að leysa til sín hlut bræðranna Lýðs og Ágústar í Existu reyndu þeir að þynna út aðra hluthafa til að halda völdum í félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aðist illa að missa tökin á Existu. Í stað þess að afhenda eignarhlut sinn, sem var rúmlega 45 prósent, til réttmætra kröfuhafa var ráðist í 50 milljarða króna hlutafjárukningu sem annað félag þeirra, BBR ehf., skráði sig að fullu fyrir. Eftir hana átti nýja félagið 77,91 prósent í Existu. Hlutturinn sem Arion banki átti veð í var þynnntur úr 45 prósentum í 10,4 prósent. Eign allra annarra eigenda rýrnaði með sama hætti.

Ekkert hefði verið hægt að gera við þessu ef bræðurnir hefðu raunverulega greitt 50 milljarða króna fyrir nýja hlutaféð. Það gerðu þeir hins vegar ekki. Þvert á móti var Bjarnfreður, lögmáður þeirra, fenginn til að skila inn tilkynningu um að einn milljarður króna

hefði verið greiddur fyrir hið nýja hlutafé, eða tvö prósent af nafnvirði þess. Klárt er að það samrým- ist ekki lögum um hlutafélög þar sem stendur að „greiðsla hluta má ekki nema minna virði en nafnvirði hans“. Í ákærinni kemur reyndar fram að milljarðurinn hafi í raun aldrei verið greiddur. Hann „stafaði frá Lýsingu hf., dótturfélagi Exista hf. [...] Féð var greitt inn á vörslureikning hjá lögfræðistof- unni Logos þar sem innstæðan lá óhreyfð fram á sumarið 2009. Þessi milljarður króna rann því aldrei inn í rekstur Exista hf.“.

Fyrirtækjaskrá úrskurðaði hlutafjárukninguna ólögmæta þann 29. júní 2009, sjö mánuðum eftir að hún var tilkynnt. Henni hafði þá borist ábending um málið.

Þegar sérstakur saksóknari fyrirskipaði húsleit og yfirheyrslur í janúar 2010 var embættið líka að rann- saka sölu á Bakkavör frá Existu haustið 2008. Þá seldi stjórn Existu, sem Lýður og Ágúst Guðmunds- synir stýrðu, 39,6 prósent hlut í Bakkavör til félags í eigu bræðranna með kúluláni frá Existu. Samkvæmt heimildum blaðsins er rannsókn málsins lokið og liggur nú hjá saksóknara sem þarf að taka ákvörðun um hvort ákært verður. Síðan hefur Bakkavör gengið í gegnum endurskipulagningu. Bræðurnir gáfu frá sér hlutinn sem þeir keyptu af Existu en fengu í staðinn að eignast 25% hlut fyrir fjóra milljarða króna. Þeir vilja nú eignast Bakkavör að fullu og buðu öðrum hluthöfum á annan tug milljarða króna fyrir hlut þeirra í Bakkavör. Stærstu eigendurnir Bakkavör, Arion banki, Lífeyrissjóður verzlunar- manna og Gildi lífeyrissjóður, hafa ekki viljað selja.

Í úrskurði Fyrirtækjaskráar kom fram að stofnunin teldi að gengið hefði verið út fyrir ystu mörk í formi og framsetningu við að fá aukninguna skráða. Formleg og efnisleg framsetning tilkynningarinnar hafi „á allan hátt vikið verulega frá því sem lög og venj- ur standa til [...] það ber einnig að undirstrika að umrædd tilkynning berst frá einni af stærri lögmanns- stofum landsins [Logos] og með fylgir skýrsla endurskoðanda stórrar endurskoðandaskrifstofu [Deloitte], sem hefur allt yfirbragð vand- aðrar sérfræðiskýrslu. Hugsanlega stafar tiltrú starfsmanna Fyrir- tækjaskrár af þeirri ástæðu að fagaðilar á borð við þá sem hér eiga í hlut fari ætíð að réttum reglum“.

thordur@frettabladid.is

Reynslan er góð!



Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

ÚLPU-
DAGAR
Í ELLINGSEN

ÓMISSANDI Í KULDANUM

Ellingsen býður upp á mikið úrval af vönduðum úlpum og öðrum hlífðarfatnaði frá þekktum framleiðendum á borð við Didriksons, Mountain Hardwear og Columbia. Í Ellingsen færðu hlífðarfatnað frá toppi til táar.



DIDRIKSONS JARVIS
Stærðir 80-130. Bláar, grænar, bleikar og fjólubláar.

11.990 KR.
FULLT VERÐ 14.990 KR.



DIDRIKSONS JUSTIN
Stærðir 130-170. Bláar og svartar.

14.990 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.



DIDRIKSONS MICH
Stærðir: 130-170. Rauðar og svartar.

14.990 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.



MHW KELVINATOR
Herrastærðir: svartar og bláar.
Dömustærðir: svartar og rauðar.

54.990 KR.
FULLT VERÐ 69.990 KR.



DIDRIKSONS LESTER
Stærðir S-XXL. Grænar og svartar.

19.990 KR.
FULLT VERÐ 24.990 KR.

DIDRIKSONS NIGEL
Stærðir S-XXL. Svartar.

31.990 KR.
FULLT VERÐ 39.990 KR.



DIDRIKSONS JASMINE
Stærðir 36-44. Svartar.

31.990 KR.
FULLT VERÐ 39.990 KR.



Mikið úrval
af húfum og
vettlingum

DIDRIKSONS FIONA
Stærðir 36-46. Svartar og rauðar.

18.990 KR.
FULLT VERÐ 23.990 KR.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Íslandsmeistara- keppni í Ökuleikni

ÖKULEIKNI 2012

Sunnudaginn 30. september nk. verður haldin opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni.

Keppnin verður haldin á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík og hefst kl. 13:00 en keppendur mæta 12:30. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

Brautin – bindindisfélag ökumanna

Viltu vita meira um trú kapólsku kirkjunnar?



**Hefur þú áhuga á að
gerast kapólskur?**

Komdu þá á kynningarfund, sem verður haldinn næsta föstudag, 28. september 2012 kl. 20.00, í safnaðarheimili Kapólsku kirkjunnar að Hávallagötu 16, Reykjavík

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

ÚTVARP

LÍFIÐ

SJÓNVARP

UMDEILDIR PISTLAR

vísir
- oft á dag

Kínverjar taka í notkun fyrsta flugmóðurskip sitt, keypt frá Rússlandi:

Kínverjar styrkja heraflla sinn

KÍNA, AP Kínverska flugmóðurskipið Liaoning hefur verið tekið formlega í notkun, fjórtán árum eftir að það var dregið frá Rússlandi til Kína.

Rússar seldu skipið kínversku einkafyrirtæki með tengsl við kínverska herinn (PLA), sem sagðist ætla að nota það sem fljótandi spilavíti. Skipið var áður í eigu Sovétríkjanna og er enn eitt hið stærsta í heimi. Kínverjar segja skipið styrkja hernaðarmátt ríkisins verulega, en langt er þó þangað til það verður komið í fulla notkun því Kínverjar hafa ekki tiltækar herþotur sem hægt er að nota með skip-

inu. Skipið tengist ekki beint deilum Kínverja við Japani um eignarhald á nokkrum eyjum.

Tímasetningin nú er þó óneitanlega til þess fallin að magna enn upp deilurnar, sem hafa verið harðar undanfarnar vikur eftir að japanska stjórnin ákvað að þjóðnýta og kaupa þrjár af eyjunum fimm af japönskum einkaaðilum, sem hugðust fara þar í stórfellda uppbyggingu.

Kínverjar hafa ekki látið uppi hvaða hlutverki skipið eigi að gegna, en talið er að Kínverjar ætli að smíða sér sjálfir allt að fimm flugmóðurskip til viðbótar.

- gb



FLUGMÓÐURSKIPIÐ LIAONING Kínverjar þurfa enn nokkur ár til að koma sér upp flugvélum og þjálfra mannskap.

NORDICPHOTOS/AFP

Fjölgar í annarri kynslóð:

Innflytjendur 25.442 talsins

HAGTÖLUR Í ársbyrjun voru 25.442 innflytjendur á Íslandi eða 8,0% mannfjöldans, segir í frétt Hagstofu Íslands. Það er fækkun frá árinu 2011, þegar innflytjendur voru 8,1% landsmanna og 25.693 alls. Nokkuð hefur fjölgað í annarri kynslóð innflytjenda á milli árunna 2011 og 2012 eða úr 2.582 í 2.876. Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 8,9% af mannfjöldanum 1. janúar 2012, sem er það sama og hún var 2011.

Innflytjandi telst einstaklingur sem er fæddur erlendis og af foreldrum sem eru líka fæddir erlendis. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi af foreldrum sem eru báðir innflytjendur.

- shá



Danir segjast vísa aðgerð- um fyrir dóm

Danir áskilja sér rétt til að vísa aðgerðum gegn Færeyjum vegna makrílveiða fyrir Evrópudómstólinn.

Ágreiningur er innan ráðsins um refsireglurnar.

Ráðherra gagnrýnir málflutning Mariu Damanaki.

UTANRÍKISMÁL „Það markverðasta úr samþykkt ráðherraráðsins er sú staðreynd að fram kemur ágreiningur innan þess. Tvær þjóðir á meðal þeirra stærstu í sjávarútvegi, Danir og Þjóðverjar, treystu sér ekki til að styðja tillöguna og sátu hjá,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um staðfestingu ráðherraráðs ESB á refsireglum gegn ríkjum sem stunda veiðar úr stofnum sem ekki hefur verið samið um.

Össur segir að Danir hafi skil að bókun þar sem þeir áskilja sér rétt til þess að vísa aðgerðum sem kunna að beinast að Færeyjum til Evrópudómstólsins. „Það þykir mér vasklega gert af þeim og það sem verður niðurstaðan með Færeyjar hlýtur líka að gilda um Ísland. Sömuleiðis er það athyglisvert að Svíar telja sig nauðbeygða til að leggja fram ályktun þar sem undirstrikað er að allar aðgerðir sem gripið verði til skuli vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Evrópusambandsins,“ segir Össur sem segir ekkert annað koma á óvart enda um framhald á samþykkt Evrópuþingsins að ræða. Hann segir það þó ánægjulegt að tekist hafi frá hendi íslenskra stjórnvalda að „nudda út öllum hugmyndum úr makrílhéruðum að banna innflutning frá löndum sem refsa ætti á nánast öllu sem einhvern tímann hefur synt í sjó“.

Eftir að ráðherraráðið staðfesti nýjar reglur um refsiaðgerðir fagnaði María Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, og sagði þær styrkja stöðu ESB gagnvart Íslandi og Færeyjum í makrílveiðunni.

Össuri hugnast ekki málflutningur Damanaki. „Mér þótti sjálfum ekki gleðilegt að sjá Damanaki tala eins og blaðafulltrúa fyrir vini okkar og frændur Norð-

Pað sem verður niðurstaðan með Færeyjar hlýtur líka að gilda um Ísland.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
UTANRÍKISRÁÐHERRA

menn og lýsa því yfir að þeir væru með þeim í þessu stríði. Ég tel það algjörlega óhugsandi að Norðmenn taki þátt í einhverju sem ekki er í fullu samræmi við EES-samninginn.“

Spurður hversu nálægt Ísland sé að ná samningum við ESB og Noreg um veiðarnar segist Össur telja „að töluvert langt sé á milli okkar og Norðmanna en miklu skemmra milli Íslands og ESB. Við erum fullir samningsvilja, Íslendingar, en við látum ekki kúga okkur.“

Sigurgeir Þorgeirsson, aðal-samningamaður Íslands í makríldeilunni, segir reglurnar sem samþykktar voru í gær almenns eðlis og nú eigi framkvæmdastjórn ESB eftir að ákveða hvort og með hvaða hætti þeim verður beitt gegn Íslandi. „Við teljum að þær einu heimildir sem þeir geta beitt án þess að brjóta í bága við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, þar á meðal viðskiptareglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sé að beita löndunarbanni á makrílveiðiskip.“

Löndunarbann á makrílveiðiskip er þegar í gildi í höfnum aðildarríkja ESB, en það bann hefur lítil sem engin áhrif fyrir íslenskan sjávarútveg, þar sem ekkert er flutt út af makríl til Evrópusambandsins hvort eð er.

- shá, gb

Láttu drauminn rætast!

Skemmtisigling:

Dubai – Indland – Malasía og Singapore með Celebrity Solstice



10. – 25. nóvember

Glæsileg sigling með 5 stjörnu lúxus-skemmtiferðaskipi á framandi slóðir.

Tveir klefur lausir vegna forfalla.

Verð frá
519.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug með Icelandair og Emirates til Dubai, 12 náttu sigling með fullu fæði og allri afþreyingu um borð, gisting með morgunverði í eina nótt í Dubai og eina nótt í Singapore.

*Verð án Vildarpunkta 529.900 kr.



Fararstjóri:
Sigmundur M.
Andrasson



VITA er í eigu Icelandair Group.



VITA | Sudurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið

EKKERT GERIR MÖMMU HRÆDDA ...

Herbergi er átakanleg skáldsaga um grimmd og örvæntingu en líka ljúfur, fyndinn og ómótstæðilegur vitnisburður um takmarkalaus ást.



Jack er 5 ára.

Hann býr í
herbergi með
mömmu sinni.



MÁL OG MENNING



ÓLÍK ÖLLUM
ÖÐRUM BÓKUM
SEM ÞÚ HEFUR
ÁÐUR LESIÐ

*„Ein áhrifaríkasta og djúphugulasta skáldsaga ársins ...
snertir mann gríðardjúpt.“*

WASHINGTON POST BOOK WORLD

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

iPhone

Þynnri - léttari - öflugri

2.000 kr.

símnotkun á mánuði í
12 mánuði hjá NOVA

fylgir **iPhone 5**,
keyptum hjá **epli.is**
Gildir í áskrift og frelsi.



e5 er lentur



Verð frá: **179.990.-**



Apple EarPods (fylgja með)
Ný og mögnuð heyrnatól
Sitja vel í eyrum
Dýpri bassi
Þola betur svita og raka
Fjarstýring og hljóðnemi

epli.is

Laugavegi 182

Opnunartímar
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300 | www.epli.is

Smáralind

Opnunartímar
Virka daga 11-19 | [Fimmtudaga](#) 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

Ríkisendurskoðun tekur skakkan pól í hæðina:

Sendiboðaskyttirí

Pað er vinsæl íþrótt að skjóta boðbera vondra tíðinda, fremur en að horfast í augu við fréttirnar sem þeir flytja. Ríkisendurskoðun tekur fullan þátt í þessum leik með viðbrögðum sínum við umfjöllun Kastljóss Ríkis-sjónvarpsins í fyrrakvöld.

Þar var upplýst að stofnunin hefði árið 2004 fengið það verkefni hjá Alþingi að kanna mikinn umframkostnað skattgreiðenda við innleiðingu fjárhagsupplýsingakerfis ríkisins. Átta árum síðar hefur engri skýrslu verið skilað, en Kastljósið komst í skýrsludrög frá 2009, þar sem farið er hörðum orðum um klúður, sem leiddi af sér þennan mikla kostnaðarauka.

Fyrstu viðbrögð Ríkisendurskoðunar voru að vekja annars vegar athygli á að skýrslan væri ekki fullbúin og enn ætti eftir að afla andmæla við henni. Æsingurinn í stofnuninni yfir þessum hluta málsins væri skiljanlegri ef um væri að ræða mál, sem væri í eðlilegu ferli og ekki hefði gefizt tími til að afla andmæla hjá málsaðilum. Þrjú ár verða hins vegar að teljast nægur tími til þess, að ekki sé talað um átta.

Hins vegar gerði Ríkisendurskoðun mikið úr því að gögnin hefðu komizt til Kastljóssins með ólögumætum hætti. Í gærmorgun var málið tilkynnt til lögreglu og Ríkisendurskoðandi sagðist hafa rætt við forstjóra fjársýslu ríkisins hvort ástæða væri til að krefjast lögbanns á framhaldsumfjöllun Kastljóssins.

Hér tekur Ríkisendurskoðun skakkan pól í hæðina. Í umfjöllun Kastljóssins voru tvær merkilegar fréttir, sem báðar eiga fullt erindi við almenning. Annars vegar efni skýrsludraganna og hins vegar að eftirlitsstofnun Alþingis skuli vera með mál sem varðar mikla hagsmuni skattgreiðenda í vinnslu í átta ár og nái ekki að klára það, þrátt fyrir fyrirspurnir frá þingmönnum.

Ríkisendurskoðun á að einbeita sér að því að útskýra sinn hlut í málinu, í stað þess að elta við heimildarmann RÚV. Það virðist hafa gleymzt hjá stofnuninni að Alþingi, sem hún starfar fyrir, samþykkti 2010 þingsályktun um að Ísland ætti að skapa sér laga-lega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Meðal þess sem stýrihópur sem vinnur að framgangi ályktunarinnar á að skoða er hvort rétt sé að styrkja vernd afhjúpenda og breyta ákvæðum um þagnarskyldu ríkisstafsmanna í því skyni. Stóra skýrslumálið virðist skólabókardæmi um mál, þar sem heimildarmaður fjölmiðils á einmitt að njóta slíkrar verndar. Hópurinn skoðar líka hvort rétt sé að afnema eða takmarka heimildir til lögbanns vegna væntanlegrar birtingar efnis í fjölmiðlum.

Viðbrögð Ríkisendurskoðunar eru þeim mun frekar á skjön sem stofnunin er oft fengin til að fara ofan í mál, sem komu til af því að upplýsingar sem stjórnsýslan vildi alls ekki að færu á flakk urðu opinberar. Nýlegt dæmi er Árbótarmálið svokallaða. Það hófst með því að Fréttablaðið sagði frá því og birti meðal annars tölvupóstsamskipti tveggja ráðherra, sem annar þeirra sakaði opinbera stofnun um að hafa lekið. Tölvupóstarnir voru reyndar afhentir með tilvísan til ákvæða upplýsingalaga um aðgang almennings að gögnum stjórnsýslunnar. Ríkisendurskoðun skil-aði skýrslu í framhaldinu og skammaði stjórnmalamennina.

Nú dugar víst ekki að húa í Ríkisendurskoðun til að fara ofan í saumana á þessu átta ára gaufi í stóru máli.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



Við flytjum
lokað í dag
opnum 28. september í
Skútuvoði 11
(Beint á móti Húsasmiðjunni og Blómavali)



Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn

www.las.is

Verslun: Skútuvoði 11 • 104 Reykjavík • 510 8888

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vasast í mörgu

Brynjar Níelsson lögmaður er að velta því fyrir sér hvort hann eigi að bjóða sig fram til Alþingis fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur fengið hvatningar þess efnis og ef hann nýtur trausts hjá flokksmönnum telur hann það skyldu sína að taka slíka hvatningu til alvarlegrar athugunar. Brynjar er greinilega marghamur maður því á meðan hann veltir framboðinu fyrir sér situr dómnefnd að störfum og metur umsækjendur um hæstaréttardómara,



en Brynjar er einn þeirra. Dómari í Hæstarétti eða þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þar er efinn.

Pressað á formanninn

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefur gefið kost á sér til efsta sætis í öðru hvoru Reykjavíkarkjördæminu. Með því setur hún pressu á Jóhönnu Sigurðardóttur, sem skipaði efsta sætið í Reykjavík norður síðast. Þá hefur Sigríður ekki útilokað formannsframboð. Það er því komin pressa á Jóhönnu um að tilkynna um áform sín.

Til fyrimyndar

Alþingi hefur verið að breyta starfs-háttum sínum og opna í æ ríkari mæli á störf sín. Til fyrimyndar er hvernig tekið var á málefnum Ríkisendurskoðunar, en mikill dráttur hefur orðið á skýrslu stofnunarinnar um nýtt bókhaldskerfi ríkisins. Kastljós skubbaði málinu á mánudagskvöldi og í hádeginu á þriðjudegi var ríkisendurskoðandi mættur á fund tveggja þingnefnda sem opinn var fréttamönnum. Meira af þessu takk.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Össur fastur í ESB-horninu

Gjaldmiðlar



Björn Bjarnason
fv. ráðherra

Lendi stjórnmalamenn úti í horni Lgrípa þeir stundum til „let them deny it“-aðferðarinnar. Þeir bera andstæðinga sína rögum sökum í von um að rangfærslan lifi en ekki hitt sem er satt og rétt.

Össur Skarphéðinsson er stjórnmalamaður í horni, ESB-horni. Hann reynir að brjótast úr því í Fréttablaðinu þriðjudegin 25. september og segir mig vilja taka upp evru.

Fyrir þessari fullyrðingu utanríkisráðherra eru engin rök frekar en svo mörgu sem hann segir til að fegra ESB-málstað sinn.

Eftir að við sátum saman í Evrópu-nefnd sem lauk störfum í mars 2007 hef ég sannfærst um að ESB hafi lögheimild til að gera tvíhliða samning um evru-samstarf við ríki utan ESB og samningsstaða Íslands sem evru-ríkis sé lögfræðilega sterk. Nefni ég sem pólitískt fordæmi tvíhliða Þrím-samning Íslands við ESB á grundvelli Schengen-samstarfsins.

Á tvíhliða evru-laun hefur aldrei verið látið reyna af Íslands hálfu.

Það háir mjög umræðum við ESB-aðildarsinna að þeir loka augunum fyrir

Össur Skarphéðinsson veit betur en birtist í grein hans. Vilji hann aðstoð mína við að komast úr ESB-horninu verður hann að segja satt.

öllu öðru en aðild. Sést æ betur hve hættulegt er að fela slíkum mönnum forystu í viðræðum um aðild að ESB. Allur vafi er túlkaður ESB í vil, íslenskir hagsmunir eru settir í annað eða þriðja sæti.

Ég hef aldrei lýst stuðningi við upp-töku evru en sagst tilbúinn að vega og meta hagfræðilegar röksemdir. Við hagfræðilegt mat á gildi evrunnar stöndum við betur að vígi nú en 2007. Evran hefur fallið á prófinu. Það er argasta blekking að ég styðji upp-töku hennar.

Össur Skarphéðinsson veit betur en birtist í grein hans. Vilji hann aðstoð mína við að komast úr ESB-horninu verður hann að segja satt.



OYSTER PERPETUAL ROLEX DEEPSEA


ROLEX

MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. september 2012 | 16. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

**Vistvænn
kostur!**

 **GUÐJÓNÓ**
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



**STÓRU
SPURNINGUNNI ÓSVARÆÐ**

- Seðlabankinn telur krónu með bættri umgjörð og evru raunhæfustu valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum.
- Evrunni fylgir margvíslegur ábati en einnig nýjar hættur.
- Markaðurinn fjallar um hagfræðilegu rökin með og á móti upptöku evru.

Logos hefur hagnast um 2,2 milljarða á þremur árum

Logos slf. hagnaðist um 736 milljónir króna á síðasta ári. Vegna þeirrar frammistöðu lagði stjórn félagsins til að 680 milljóna króna arður yrði greiddur út til eigenda á árinu 2012. Meðaltalsarðgreiðsla á hvern eiganda er 40 milljónir króna, en tveir þeirra 17 sem eiga stofuna eiga ekki fullan hlut. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Logos.

Hagnaðurinn er í takt við hagnað Logos á undanförunum árum, en stofan græddi samtals tæpa 1,5 milljarða króna á árunum 2009 og 2010. Samanlagður hagnaður hennar frá bankahruni er því um 2,2 milljarðar króna. Þorri hagnaðar stofunnar á því tímabili hefur verið greiddur í arð til eigenda hennar. Á meðal þeirra eru Gunnar Sturluson, Erlendur Gíslason og Óttar Pálsson. Alls nam velta Logos 2,6 milljörðum króna í fyrra, sem er 268 milljónum króna meira en stofan velti árið áður. Þá störfuðu 83 starfsmenn að meðaltali í 74 heilsársstöðugildum hjá Logos í fyrra. Greiðslur vegna launa- og launatengdra gjalda námu 968,6 milljónum króna. - þsj

Helmingur ráðgjafakostnaðar til slitastjórnar og skilanefndar

Tæpur helmingur allra greiðslna þrotabús Glitnis til lögfræðinga og annarra ráðgjafa í fyrra, um hálfur milljarður króna, rann til félaga í eigu slitastjórnar- og skilanefndarmanna. Þetta kemur fram í gögnum um launakostnað þrotabús Glitnis.

Samkvæmt þeim fékk skilanefnd og slitastjórn samtals 364,8 milljónir króna greiddar á árinu 2011 þegar virðisaukaskattur er meðtalinn. Í slitastjórn Glitnis sátu tveir á því ári, þau Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson. Samtals fengu þau 229,4 milljónir króna. Skilanefndin, þau Árni Tómasson, Heimir Haraldsson og Þórdís Bjarnadóttir, fengu samtals 135,4 milljónir króna. Þessu til viðbótar fengu fulltrúar á stofum slitastjórnarmanna greiddar 132,8 milljónir króna.

Í nýjasta fjárhagsuppgjöri Glitnis kemur fram að þrotabúið hafi greitt alls 1.115 milljónir króna í fyrra í aðkeypta lögfræðipjónustu og aðra ráðgjöf. Þar af fóru 497,6 milljónir króna til félaga í eigu slitastjórnar- og skilanefndarmanna, eða 44,6 prósent af greiðslunum. - þsj

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Fróðleiksmolinn


DataMarket

Varnarmál og aftur varnarmál


Eftirfarandi myndir sýna orkunotkun stofnana bandaríska ríkisins á árunum 1975-2010. Eins og sjá má er orkunotkun vegna varnarmála að jafnaði um 80% af allri orkuneyslu þarlendrar ríkisstofnana.

Póstþjónusta Bandaríkjanna eyðir næstmestri orku í þessum samanburði, en þó er orkunotkun hennar þó lítil samanborið við orkunotkun hersins. Einnig má sjá að bandaríska geimferðarstofnunin, NASA, ber einungis ábyrgð á tæpu prósentu af heildarorkunotkun bandarískra alríkisstofnana. Taka skal fram að þessar tölur ná einungis til bandaríska alríkisins. Þær taka því ekki mið af orkunotkun einkaaðila eða orkunotkun annarra opinberra aðila svo sem fylkja, sveitarfélaga eða borga.


Orkunotkun bandarískra alríkisstofnana



Orkunotkun vegna annarra málaflokka en varnarmála árið 2010



Orkunotkun bandarískra alríkisstofnana árið 2010



Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 26. september

- Fjöldi útgefna vegabréfa
- Ýmis lánaþyrftækni | hagtölur SÍ

Fimmtudagur 27. september

- Vísitala neysluverðs í september 2012
- Meðalrekstrarkostnaður á nemanda í grunnskólum 2012

Föstudagur 28. september

- Nýskráningar og gjaldþrot í ágúst 2012
- Vöruskipti við útlönd í janúar – ágúst 2012
- Vísitala framleiðsluverðs í ágúst 2012
- Verðbreyfaviðskipti | hagtölur SÍ
- Staða markaðsverðbréfa | hagtölur SÍ
- Réttur til að vita | ráðstefna á vegum Ský

Miðvikudagur 3. október

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands
- Vöruskipti við útlönd

Fimmtudagur 4. október

- Gistinætur og gestakomur á hótélum í ágúst 2012
- Lifeyrissjóðir | hagtölur SÍ
- Gjaldþyrftarmarkaður | hagtölur SÍ
- Krónumarkaður | hagtölur SÍ
- Raungengi | hagtölur SÍ

Föstudagur 5. október

- Efnahagur Seðlabankans | hagtölur SÍ
- Útboð ríkisbréfa

Mánudagur 8. október

- Útskrifaðir nemendur úr framhalds- og háskólum 2010-2011
- Erlend staða Seðlabankans | hagtölur SÍ

Vörsluskattaskuld DV hefur tvöfaldast

DV ehf. skuldaði 76 milljónir króna í opinber gjöld í júlí. Félagið samdi við tollstjóra um greiðslur á skuldinni. Uppsafnað tap á fyrstu tveimur árum reksturs félagsins nam um 90 milljónum.

FIJLMÍDLAR

Þórhur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

DV ehf., sem er útgáfufélag DV, skuldaði um 50 milljónir króna í staðgreiðslu skatta og 26 milljónir króna í ógreitt tryggingagjald í júlí síðastliðnum. Samtals nam skuld útgáfufélagsins vegna opinberra gjalda því um 76 milljónum króna. Í árslok 2010 skuldaði DV ehf. um 34 milljónir króna í sömu gjöld. Sú upphæð hefur því rúmlega tvöfaldast síðan þá. Þetta kemur fram í gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum.

DV ehf. hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2011 en samkvæmt yfirlýsingu frá endurskoðanda félagsins nam uppsafnað tap þess um síðustu áramót um 90 milljónum króna.

DV ehf. var stofnað í byrjun árs 2010 og tók við rekstri DV í apríl sama ár. Heildarhlutfé félagsins í upphafi var 63,6 milljónir króna. Samkvæmt ársreikningi DV ehf. fyrir árið 2010, sem er síðasti birti ársreikningur félagsins, tapaði það 53,3 milljónum króna á fyrstu níu starfsmánuðum sínum, eða sem nemur 84 prósentum af upphaflegu hlutfé sínu. Síðan þá hefur hlutfé í DV ehf. verið aukið nokkrum sinnum.

Á síðasta aðalfundi félagsins, sem haldinn var 18. maí síðastliðinn, var hlutféð hækkað úr 81,1 milljón króna í 107,3 milljónir króna. Hlutfjárukningin var öll greidd með peningum. Á sama fundi var síðan lögð fram ný tilfaga um niðurfærslu á „hlutfé félagsins um 25% til jöfnunar á móti tapi. Niðurfærslan skal



STJÓRNENDUR Reynir Traustason er ritstjóri DV og sonur hans, Jón Trausti Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins. Þeir eru einnig báðir á meðal eigenda blaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

miðast við stöðu hlutfjár þann 31.12.2011 og er fjárhæðin sem um ræðir 26.820.681,-. Eftir þá niðurfærslu er hlutfé DV ehf. því 80,5 milljónir króna.

Tilkynningunni til fyrirtækjaskráar fylgdi einnig yfirlýsing endurskoðanda. Í henni segir að „samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2011 nemur uppsafnað tap 90.099.418,-. Af þessu er ljóst að DV ehf. tapaði samtals 90,1 milljón króna á fyrstu tveimur starfsárum sínum.

Í síðasta birta ársreikningi DV, fyrir árið 2010, kom fram að félagið skuldaði 23,9 milljónir króna í ógreidda staðgreiðslu skatta. Auk þess skuldaði það 10,3 milljónir króna í ógreitt trygginga-

gjald og um sex milljónir króna í áfallna vexti.

Í gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum, og sýna yfirlit yfir opinberar greiðslur DV ehf., kemur fram að félagið skuldi 25,8 milljónir króna í tryggingagjald í júlí síðastliðnum. Til viðbótar skuldar það 50,4 milljónir króna í staðgreiðslu launa. Því skuldaði DV ehf. samtals 76,2 milljónir króna í vörsluskatta í júlí síðastliðnum. Það er einkenni vörsluskatta að refsivert er að gera ekki skil á þeim til ríkissjóðs.

Stöð 2 greindi frá því fyrr í septembermánuði að embætti tollstjóra hafi hins vegar gert samkomulag við hundruð fyrirtækja sem skulda opinber gjöld. Embættinu er heimilt að stöðva atvinnurekstur þegar slík gjöld eða skattar eru í vanskilum en því úrræði hefur ekki verið beitt á nein fyrirtæki frá árinu 2009 vegna tilmæla frá fjármálaráðuneytinu um að beita ekki lokunaraðgerðum.

Í kjölfar fréttar Stöðvar 2 fór Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður fram á sérstakan fund í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að fá frekari skýringar á þeim úrræðum sem tollstjóra-embættið hefur boðið fyrirtækjum sem skulda skatta.

ERUM MEÐ SAMKOMULAG VIÐ TOLLSTJÓRA



JÓN TRAUSTI REYNISSON

„Við erum með samkomulag við tollstjóra um að greiða þetta upp og við munum gera það sem þarf til þess að klára þetta,” segir Jón Trausti Reynisson, framkvæmdastjóri DV ehf.

Hann segist hafa tekið við sem framkvæmdastjóri fyrir tveimur vikum og hafi verið að vinna í stöðunni síðan þá. Þegar hafi töluvert verið borgað af skuldinni. „En ég býst ekki við að þetta klárast fyrir áramót.”

Spurður hvort það hversu mikið skuldin hefur vaxið bendi ekki til þess að félagið sé illa rekstrarhæft til langs tíma svarar Jón Trausti: „Það hefur verið gripið til niðurskurðaraðgerða sem eru að skila sér í mun betri horfum núna og við munum gera það sem þarf.”

- sh

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanytingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



SAGA CLASS

Úrvallspægindi, gott rými og fyrsta flokks þjónusta.

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár. Kristín Hrönn er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

BBA Legal vinnur fyrir kröfuhafa og erlenda fjárfesta:

BBA Legal hagnaðist um 259 milljónir króna

Lögfræðistofan BBA Legal hagnaðist um 259 milljónir króna á síðasta ári. Það er um sjö milljónum króna meira en hún gerði á árinu 2010. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi BBA Legal. Samtals hefur stofan grætt 793 milljónir króna á síðustu þremur árum en BBA Legal sérhæfir sig í ráðgjöf tengdri samrunum og yfirtökum, fjármálamörkuðum, bankarétti, fjármögnun fyrirtækja, gjaldþrotarétti og almennt fyrirtækja- og fjármálaráðgjöf. Stofan hefur unnið mikið fyrir erlenda fjárfesta og kröfuhafa sem eiga hagsmuna að gæta á Íslandi.

BBA Legal greiddi eigendum sínum 217,4 milljónir króna í arð á árinu 2011 vegna frammistöðu ársins á undan. Ekki er tilgreint í ársreikningi hvað hún hyggst greiða þeim vegna ársins 2011. Hluthafar BBA Legal eru sex talsins. Þar af eiga Ásgeir Á. Ragnarsson, Baldvin Björn Haraldsson og Einar Baldvin Árnason 64,27 prósent eignarhlut. Aðrir eigendur eru Katrín Helga Hallgrímsdóttir, Bjarki Diego og Atli Björn Þorbjörnsson.

- þsj



LÚXEMBOURG Ríkið hefur verið vinsælt sem skráningarland eignarhaldsfélaga íslenskra fjárfesta á undanförunum árum. MYND/GETTY IMAGES

Erlend fjárfesting jókst um 100 milljarða á milli ára:

Nær einvörðungu frá Sviss og Lúxemborg

Rúmlega 90 prósent þeirrar aukningar í erlendri fjárfestingu sem átti sér stað á Íslandi á árinu 2011 kemur frá Lúxemborg og Sviss, en bæði ríkin eru þekkt fyrir ríka bankaleynd og hagstætt skattamhverfi. Þetta kemur fram í hagtölum Seðlabanka Íslands um beina fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Vert er að taka fram að íslenskir einstaklingar geta flokkast sem erlendir aðilar ef félög í þeirra eigu eru með heimilisfesti utan landsteinanna.

Alls jókst erlend fjárfestingin um tæpa 100 milljarða króna milli ára 2010 og 2011. Hún fór úr 30 milljörðum króna í 128,1

milljarð króna og hefur ekki verið hærri frá árinu 2007. Stærsti hluti erlendu fjárfestinganna kom frá Lúxemborg, en bein fjárfesting aðila sem skráðir eru þar jókst úr 32,6 milljörðum króna í 94,4 milljarða króna. Fjárfestingar aðila sem skráðir eru í Sviss jukust úr 579 milljónum króna í 29,2 milljarða króna. Samtals nemur aukning fjárfestingar frá þessum tveimur löndum 90,3 milljörðum króna. Umræddar fjárfestingar tengjast ekki fjárfestingaleið Seðlabankans á neinn hátt, enda fór fyrsta útboð innan hennar ekki fram fyrr en í febrúar 2012.

- þsj



FRAMKVÆMDASTJÓRI Brynjólfur Bjarnason var ráðinn framkvæmdastjóri FSÍ í mars síðastliðnum. Hann tók þá við starfinu af Finnboga Jónssyni. Brynjólfur var áður forstjóri Símans og síðar Skipta á árunum 2002-2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Eignir FSÍ hækkuðu um fimmtán milljarða

Framtakssjóðurinn hagnaðist um 1,5 milljarða króna á fyrri hluta ársins 2012. Hagnaðurinn aðallega tilkominn vegna hækkandi hlutabréfaverðs í Icelandair. Vodafone fer bráðlega á markað.

FJÁRFESTINGAR

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Framtakssjóður Íslands (FSÍ) hagnaðist um 1,5 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2012. Sjóðurinn metur virði eigna sinna á 47,1 milljarð króna og eigið fé hans í lok júní síðastliðins nam 32,3 milljörðum króna. Virði eigna FSÍ var því metið um 15 milljörðum króna meira en þær eignir voru keyptar á. Allur rekstrarhagnaður FSÍ stafar af hækkun á markaðsvirði 19 prósent eignarhlutar hans í Icelandair sem hefur hækkað mikið í verði það sem af er ári. Þetta kemur fram í útdrætti úr uppgjöri FSÍ sem Markaðurinn hefur undir höndum. Stærsti einstaki eigandi FSÍ er Landsbankinn með 27,6 prósent hlut. Aðrir eigendur hans eru 16 lífeyrissjóðir og VÍS.

Sjóðurinn hagnaðist um 2,3 milljarða króna á árinu 2011 og var þorri þess hagnaðar vegna sölu á tíu prósent hlut í Icelandair í nóvember á því ári á 2,7 milljarða króna. Hluturinn hafði þá ávaxtast um 120 prósent frá því hann var keyptur. Hópurinn sem keypti hlutinn var að mestu sömu lífeyrissjóðirnir og eiga í FSÍ. Eftir sölu átti FSÍ áfram 19 prósent hlut í Icelandair.

Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri FSÍ, segir afkomuna aðallega vera vegna hækkandi gengis hlutabréfa í því félagi. Gengi Icelandair var um fimm krónur á hlut um síðustu áramót en 6,61 króna á hlut í lok uppgjörstímabilsins. Gengi bréfa á dag er um sjö krónur á hlut. Því er ljóst að eignarhlutur FSÍ í flugfélaginu hefur þegar skilað sjóðnum enn meiri virðisaukningu.

Eignir Framtakssjóðs Íslands

Félag	Eignarhlutur %
Icelandic Group	100
Vodafone	79
Advania	75
Promens	50
N1	45
Icelandair Group	19

Eignir FSÍ eru nú metnar á 47 milljarða króna. Brynjólfur segir það 15 milljörðum krónum meira en kaupverð þeirra. Hann hefur einnig mikla trú á öðrum eignum sjóðsins. „Framtakssjóðurinn á nú 45 prósent í N1 og við bindum miklar vonir við að sú fjárfesting reynist hagkvæm fyrir sjóðinn. Unnið er að krafti að skráningu Vodafone á hlutabréfamarkað, en það verður fyrsta skráning félags í eigu sjóðsins í kauphöll.“



cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI

Framtíð innanlandsflugs

27. september | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Kynntar verða helstu niðurstöður skýrslu um áhrif þess að flytja miðstöð innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur.

Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is



Eignabjarg Arion banka:

Milljarða hagnaður

Eignabjarg, eignaumsýslufélag í eigu Arion banka, hagnaðist um 3,3 milljarða króna í fyrra. Eignir félagsins námu 15,6 milljörðum króna um síðustu áramót. Þar munaði langmestu um hagnað af eignarhlutum í eigu félagsins en það skilaði 3,3 milljarða króna hagnaði.

Eignabjarg ber ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun þeirra eignarhluta í fyrirtækjum sem Arion banki hefur leyst til sín í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Stærstu eignir þess á síðasta ári voru ráðandi hlutur í Högum, 42,7 prósent hlutur í Reitum og allt hlutfé í Pennanum.

Eignabjarg seldi þórrann af eign sinni í Högum þegar félagið fór á markað og hefur haldið áfram að minnka þann hlut á þessu ári. Í dag á það 4,99 prósent í Högum. Eignabjarg seldi auk þess allt hlutfé í Pennanum um síðastliðið sumar.

- þsj

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



NORÐURLJÓSPÁR Á NETINU

Veðurstofa Íslands mun byrja að birta norðurljóspár frá og með næstu mánaðamótum. Þar verður í fyrsta skipti reynt að spá fyrir um hvar á landinu og hvenær líklegast er að til norðurljósa sjáist.

S A F T

GERÐU
SAMKOMULAG
VIÐ BARNIÐ
UM NETNOTKUN
Á HEIMILINU



Heimili og skóli
www.saft.is

15% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM

B/A/S/L/E/R *Parísar*
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



FJÖLBREYTNÍ

Boðið er upp á fjölbreytt hræfni frá bændum í Kjósinni.



MATARVEISLA Í KJÓS

BEINT FRÁ BÝLI Kjósarstofa heldur árlega matarhátíð á laugardaginn undir heitinu *Krásir í Kjós*. Einungis verður boðið upp á hræfni úr sveitinni.

Matarhátíðin Krásir í Kjósinni verður haldin næsta laugardag. Þar verður mataráhugamönnum boðið upp á ljúffengar veitingar úr býlum sveitarinnar undir stjórn matreiðslumeistaranna Ólafar Jakobsdóttur og Jakobs H. Magnússonar. Hátíðin var haldin í fyrsta skipti í fyrra og mættu þá yfir 100 gestir. Halla Lúthersdóttir, verkefnastjóri hjá Kjósarstofu, segir fjölmarga bændur í Kjósinni taka þátt í hátíðinni enda stundi margir þeirra sölu landbúnaðarafurða beint frá býli. „Hugmyndin að matarhátíðinni er komin frá bændunum sjálfum sem fannst tilvalið að halda slíka uppskeruhátíð í lok sumars. Þetta snýst líka um að fagna fjölbreytileikanum í ferðaþjónustunni enda boðið upp á margt annað í sveitum landsins en bændagistingu og hestaferðir.“

Allt hræfni á matarhátíðinni er úr sveitinni og úr Hvalfirði að sögn Höllu. „Við bjóðum upp á girnilegt hlaðborð þar sem finna má kjöt, fisk, pylsur, grænmeti, paté, súpu, brauð, pestó og mjólkurvörur svo eitthvað sé nefnt. Meðal

nýjunga í ár má nefna þorskind en í vor var byggð bryggja hér í sveitinni og fóru bændur þá að sækja sjóinn.

Matseðillinn er fjölbreyttari en í fyrra og má þá sérstaklega nefna forréttasmakkið. „Á öðrum nýjungum nefnir Halla grjótkrabbann en boðið verður upp á grjótkrabbasúpu með þorski. „Grjótkrabbinn er nýr í náttúru Íslands og talið er að hann hafi borist hingað til lands með skipum. Bóndi úr sveitinni var að moka hér í fjörinni og tók upp heila skóflu af krabba. Grjótkrabbinn héðan er til dæmis notaður á ýmsum veitingastöðum hérlandis.“ Bændur úr Kjósinni verða einnig með kynningu á vörum sínum á matarhátíðinni þannig að gestir hennar munu fá nóg að borða.

Veislustjórn verður í höndum Sigurlaugar M. Jónasdóttur útvarpskonu. Einnig verður boðið upp á kynningu á fjörunytjum í umsjón Eydísar Maríu Jónsdóttur. Hátíðin verður haldin í Félagsgarði í Kjós og verður húsið opnað kl. 19. Hægt verður að panta sætaferðir frá Reykjavík og til baka. Nánari upplýsingar má finna á www.kjósarstofa.is.



HALLA LÚTHERSDÓTTIR Verkefnastjóri hjá Kjósarstofu.
MYND/ÚR EINKASAFNI

SÝNISHORN AF MATSEÐLI

Sítur- og engifer-marineraður lax með kryddjurtum og berja-, epla- og piparmyntujógúrtddressingu

Grjótkrabbasúpa með þorski og koníaki

Reyktur lax með andareggi, rófum og skyrddressingu

Nautatunga með peru- og chilicutney

Nautalifrarpaté með kirsuberjahlaupi og nautasultu

Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali



Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Til dæmis: Teg: 305302/241
- Litur: svart - Stærðir: 40 - 47
Verð: 15.885.-

Misty skor
Laugavegi 178

f Vertu vinur f

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

Tekk
KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ AÐHALDSSAMFELLUR

Verð nú 9.900 kr.

skálastærðir: B-C-D-DD-E-F
litir: svart og húðlitur.

Selena

Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



BYLGJAN 25
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð

Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin *amerísk* tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



★★★★
Amerísk
gæðavara

★★★★
Amerísk
gæðavara

BÍLAR &
FARATÆKI

Toyota Rav4 6/2010 ek.30þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 4.480.000.-



Skoda Octavia Ambiente 9/2005 ek.73þús. SJÁLFSKIPTUR. EINN EIGANDI. Gullfallegur bíll. Ásett verð 1.650.000.-



Honda CR-V 2.0 Advance 8/2005 ek.112þús. Sjálfskiptur. NY VETRARDEKK. Ásett verð 1.890.000.-



Suzuki Alto GL 8/2011 ek.10þús. Beinskiptur. Sumardekk. Vetrardekk. Eyðsla ca 5-6L. 1.480.000.- Staðgreitt!



VW Polo Comfortline 3/2005 ek.107þús. SJÁLFSKIPTUR. Mjög snyrtilegur bíll. Ásett verð 850.000.-



Bílahöllin
Bíldhöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með
möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is



Hyundai Getz Árgerð 2008, ekinn 61þ. km, bsk. Fluttur eyðslugrannur bíll sem er á staðnum! Verð 1.290.000kr. Raðnúmer 153232. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftilit á plani
http://www.stora.is



TOYOTA Rav4. Árgerð 2006, ekinn 99 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.100325.



KIA Ceed lx 1.4 bensín beinsk.. Árgerð 2011, ekinn 36 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.490.000. Rnr.110651. Enn í ábyrgð.



CHEVROLET Lacetti station. Árgerð 2011, ekinn 28 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.160267.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



SUZUKI Swift gl 4wd. Árgerð 2011, ekinn 48 þ.KM 5 gíra Verð 2.250.000. Rnr.192965.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2010, ekinn 48 þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.990. Rnr.112791.



OPEL Meriva-a enjoy. Árgerð 2005, ekinn aðeins 37 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.090.ein eigandi frá upphafi Rnr.218424.



NISSAN Note. Árgerð 2006, ekinn 85 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390. Rnr.112782.



PORSCHE 911 carrera 4. Árgerð 2001, ekinn 101 þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 4.400. Gull moli og mikið endurnýjaður Rnr.112512.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
SUBARU Legacy sport. Árgerð 2008, ekinn 101 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.990. Ásett verð 2.690 Rnr.217306.ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
NISSAN X-trail. Árgerð 2008, ekinn 119 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.990. ásett verð 3.900. Rnr.112625.ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
KIA Sportage Dísel. Árgerð 3/2006, ek 92 þ.KM, dísel, 6 girar, Fluttur bíll, Ásett verð 1.990.000. Rnr.117973. Er á staðnumÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
LAND ROVER Range rover hse. Árgerð 2006, ekinn aðeins 65 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 4.090.Ásett verð 4.980 Rnr.218230.

HONDA Cr-v exe. Árgerð 2005, ekinn 116 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990. Rnr.310487.



BMW X3 3.0d. Árgerð 2006, ekinn 96 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.250. Mjög fallegur og vel með farinn bíll Rnr.112832.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
Opíð til kl. 21 á
fimmtudögum.
www.nyja.is



HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast



BMW 545. Árg 2004, ek. 142 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Vel útbúinn bíll. TILBOÐ 3.500þ. Rnr.121754.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is



KIA Sportage Dísel. Árgerð 3/2006, ek 92 þ.KM, dísel, 6 girar, Fluttur bíll, Ásett verð 1.990.000. Rnr.117973. Er á staðnum

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is



AUDI Q7 Quattro 4.2 5-line. 2/2008, 77 þ.km, dísel, sjálfskiptur, 7 manna, glerþak, dráttarbeisli. Verð 9.900.000. Ath skipti á ód. Rnr.208613.



TOYOTA Land Cruiser 200 VX 7 manna. 1/2008, 93 þ.km, dísel, sjálfskiptur, leiðsögukerfi, söllúga, 7 manna, harðskeljadekk, dráttarbeisli. Verð 9.890.000. Ath skipti á ód. Rnr.116426.



TOYOTA Land Cruiser 150 VX m/ söllúgu. 12/2011, 24 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.200.000. Ath skipti á ód. Rnr.121946.



TOYOTA Land Cruiser 150 L. 12/2010, 23 þ.km, dísel, sjálfskiptur, þakbogar, filmur, cruise control, krómgrill, dráttarbeisli. Verð 8.390.000. Ath skipti á ód. Rnr.121788.



LEXUS RX300 loftþúðafjöðrun. 11/2005, 132 þ.km, bensín, sjálfskiptur, topplúga, leður. Verð 3.790.000. Ath skipti á ód. Rnr.116682.



LAND ROVER Freelander 2 S. 8/2007, 123 þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, dráttarkúla. Verð 3.490.000. Ath skipti á ód. Rnr.241057.



MMC Outlander Intense 2.2 6/2011, 20 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.180.000. Ath skipti á ód. Rnr.121817.





SUZUKI Grand Vítara 2.0. 12/2010, 30 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 3.870.000. Ath skipti á ód. Rnr.121655.

Toyota Akureyri
Baldursnes 1, 600 Akureyri
Sími: 460 4300
Opíð virka daga 9-18

Bílar til sölu



Skráðu bílinn frítt, 25% afsláttur Mikil eftirspurn. www.netbilar.is sími 588-5300 eða kaktu við í Hlíðasmára 2.

Verð 390.000 !
Gott eintak af Skoda Octavia 1,6 árg.'01 Ek.189 þ.km SK. ,13 Aðeins bein sala s. 6154349.

Audi A6, sjálfskiptur 44, B turbo og bensín. Allt rafdrífið. Árg. '01 des. Verð 650þús. Ek. 170 km. S. 616 2597.



Opel Vectra árg.'98 1,6 motor, 5 gíra, skoðaður ,13. Verð 250þús. Sími 616 2597.



Audi A6, sjálfskiptur 44, B turbo og bensín. Allt rafdrífið. Árg. '01 des. Verð 650þús. Ek. 170 km. S. 616 2597.

250-499 þús.

SPARIBAUKUR TILBOÐ 320 ÞÚS!
VW POLO 2000 árgerð ek.115 þús., ný skoðaður 13, beinskiptur, 3ja dyra, eyðir um 5 ltr/100km ásett verð 450 þús. TILBOÐ 320 ÞÚS. s.841 8955.

MÍÐVIKUDAGUR 26. SEPTEMBER 2012

SVANURINN

FYRIR UMHVERFIÐ & HEILSUNA

Kynningarblað Umhverfisvan Siv,
fleiri flokka til endurvinnslu, traustur Svanur





FYRSTA SVANSVOTTAÐA VEITINGAHÚSIÐ

„Hér leggjast allir á eitt og hafa gaman af enda góð tilfinning að hlúa að umhverfi okkar og bjóða aðeins það besta, grænasta og hollasta úr náttúrunni,“ segir **Guðríður María Jóhannesdóttir** framkvæmdastjóri veitingahússins Nauthóls.

„Með Svansvottun tókum við samfélagslega ábyrgð og skref í átt að eðlilegri framtíðarþróun, ásamt sjálfsagðri skyldu gagnvart umhverfinu, starfsfólki okkar og viðskiptavinum.“

VELDU GRÆNT MEÐ OLÍS

Olís býður upp á mikið úrval af Svansvottuðum vörum. „Í Svansvottuðu línunum okkur erum við með allt sem þarf til þrifa og erum stöðugt að vinna í því að bæta við meira og meira af vörum,“ segir Eggert Bjarnason, sölu- og þjónusturáðgjafi heildsölu- og rekstrarvörudeildar. „Við eigum núna til allt sem þarf til þess að sinna öllum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir alla þessa aðila.“

Eggert segir mikla aukningu vera í sölu á umhverfisvottuðum vörum. „Markaðurinn hefur verið að kalla eftir þessum vörum í auknum mæli og við erum að bregðast við þeirri kröfu.“

Eggert Bjarnason, sölu- og þjónusturáðgjafi heildsölu- og rekstrarvörudeildar.

Meðvituð um umhverfið

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður hefur verið ötull talsmaður umhverfisvænna hluta. Hún segir Svaninn hafa mikla þýðingu fyrir sig.

Ég þekki vel til Svansmerkisins og mér er kunnugt um að almenningur gerir það líka. Þetta merki er búið að skapa sér sess, enda fyrsta merki sinnar tegundar. Ég vel Svansmerktar vörur vegna þess að þá veit ég fyrir víst að þær eru umhverfisvænni en aðrar sambærilegar vörur,“ segir Siv.

„Mig minnir að Svanurinn sé fyrsta merki sinnar tegundar sem er án landamæra. Norræna skráargatið er hins vegar fyrsta hollustumerkið sem fer yfir landamæri í matvælaíðnaði. Norðurlöndin öll hafa notað þessi merki og sama hugmyndafræðin er á bak við þau. Þetta eru umhverfisvænar vörur sem standast gæðavottun,“ segir Siv enn fremur.

„Ég reyni að vera umhverfisvæn og þegar ég sé Svansmerktar vörur tek ég hana fram yfir aðrar. Ég treysti þessu merki, enda áreiðanleiki á bak við það. Ég hef flokkað til endurvinnslu í gegnum árin og fer reglulega í Sorpu. Ég fer alltaf með dagblöð í þar til gerða gáma og flöskur og gler í endurvinnslu. Þar fyrir utan hef ég farið með öll föt sem ég er hætt að nota til Hjálpræðishersins og vona að þau endurnýtist með þeim hætti.“



Siv Friðleifsdóttir alþingismaður velur umhverfisvottaðar vörur.

Ég treysti þessu merki, enda er áreiðanleiki á bakvið það.

Ég hef lengi verið meðvituð um umhverfisvernd og tel að flestir Íslendingar séu það. Að minnsta kosti hefur orðið mikil viðhorfsbreyting í samfélaginu á undanförunum árum.“

Siv var flutningsmaður þingsályktunar um að Norræna skráargatið yrði tekið upp hér á landi. Sú tillaga var samþykkt í þinginu sem frumvarp en Siv segist ekki

vita hvort búið sé að koma upp því eftirlitskerfi sem sé nauðsynlegt í framhaldinu.

„Ég er líka flutningsmaður þess að svokallaður broskarl verði tekinn upp hér á landi. Það er gæðamerki fyrir veitingahús og aðra matsölustaði að danskri fyrirmynd. Ef veitingahúsið stenst þau heilbrigðisviðmið sem merkið býður upp á fær það broskarl. Viðskiptavinurinn getur treyst því að veitingahús með broskarl sé með hreinlæti og aðra hluti í lagi. Broskarlinn hefur ekki enn verið samþykktur á Alþingi en ég vonast til að svo verði. Broskarlinn er hvetjandi fyrir veitingamenn,“ segir Siv sem ætlar að kveðja Alþingi í vor.

Hreinlætisvörur

fyrir fyrirtæki og stofnanir

TANDUR

-þegar hreinlæti skiptir máli



TASKI by Diversey

- Úrval hágæða gólfþvottavéla
- Öflug viðgerða- og varahlutapjónusta



HVAÐ ER SVANSMERKI?

Svansmerkinu er ætlað að leiðbeina norrænum neytendum og innkaupafólki hjá fyrirtækjum þannig að þeim gefist raunverulegur kostur á að kaupa umhverfisvæna vöru og á þann hátt leggja sitt af mörkum við að bæta umhverfið. Jafnframt er markmiðið að hvetja framleiðendur til að framleiða umhverfisvænar vörur. Í dag eru um 60 mismunandi skilyrði og fjöldi leyfishafa eykst stöðugt. Alls hafa verið gefin út um 2010 leyfi fyrir meira en 6000 vörur. Svansmerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlanda. Markmiðið er valfrjálst norrænt umhverfismerki, sem stuðlar að því að minnka það álag sem dagleg neysla veldur umhverfinu. Starfsmenn Svansmerkisins kanna umhverfisáhrif tiltekinna vöru og þjónustu í gegnum allan feril hennar frá hráefni til úrgangs. Gerðar eru strangar loftslags- og umhverfiskröfur en einnig kröfur um notagildi og gæði.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir elsaj@365.is sími 512 5427 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Svanurinn var punkturinn yfir i-ið

ISS Ísland var fjórða fyrirtækið á Íslandi til að hljóta umhverfsvottunina Svaninn og um leið fyrsta fyrirtækið innan ISS/AS samsteypunnar. Umhverfismál hafa verið stór þáttur í rekstri fyrirtækisins í 30 ár.

Ræstingarsvið ISS Íslands fékk norrænu umhverfsvottunina Svaninn árið 2009. ISS Ísland, sem er í eigu ISS/AS, varð fyrst fyrirtækja innan samsteypunnar til að fá slíka vottun en ISS/AS er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í yfir fimmtíu löndum. Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri ISS Íslands, segir að þrátt fyrir Svansvottunina árið 2009 eigi fyrirtækið sér langa sögu þegar kemur að umhverfismálum. „Við höfum starfað á þessum markaði hérlandis í þrjátíu ár og höfum alltaf verið mjög meðvitað um umhverfismál. Við vorum fyrsta fyrirtækið innan samsteypunnar til að hljóta Svaninn en ISS/AS er líka mjög meðvitað um umhverfisvernd.“ Hann nefnir sem dæmi að frá og með haustinu sé verið að keyra sérstakt átak hjá öllum fyrirtækjum samsteypunnar undir nafninu ISS Global Environmental Campaign 2012. „Þar verður lögð áhersla á þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er hugað að orkunýtingu. Í öðru lagi að affalli og sorpi og hvernig hægt er að meðhöndla það rétt og flokka en fyrst og fremst þó að minnka það. Í þriðja lagi snýr atakið að betri nýtingu vatns og hvernig fyrirtækin geta farið sparlega með þessa takmörkuðu auðlind.“

Minna magn efnis

Guðmundur segir mjög margt hafa breyst til betri vegar á síðustu þrjátíu árum í rekstri fyrirtækisins. „Í dag notum við til dæmis um 15% af þeim efnum sem áður voru notuð á hverja unna klukkustund. Ef við tökum bara það efnismagn sem við höfum spar-

að á síðustu 20-25 árum erum við að tala um jafn mikið magn og gæti fyllt hitaveitutankana á Grafarholti. Þessi efni hefðu að öðrum kosti farið út í umhverfið. Við höfum því náð miklum árangri og Svansvottunin var því nokkurs konar punktur yfir i-ið hjá okkur. Þrátt fyrir það hefur ýmislegt breyst í rekstri okkar með tilkomu Svansvottunarinnar, þá sérstaklega varðandi skráningar, eftirfylgni og eftirlit. Þannig má segja að með viðtöku Svansins hafi allt smolið betur saman í formlegra kerfi hjá okkur, sérstaklega það sem snýr að samanburði, og eftirfylgnin varð mun markvissari.“

„Í dag notum við um 15% af þeim efnum sem áður voru notuð“

Vatnsnotkun minnkað mikið

Vegna umhverfisstefnu ISS og Svansvottunar er ISS Ísland farið að nota allt önnur efni við þrif og ræstingar en í árdaga fyrirtækisins. „Við gerum skýran greinarmun á hreingerningarefnum og ræstingarefnum. Ræstingarefni eru mildari, vinna með og vernda yfirborðsflötinn en hreingerningarefni eru virkari efni, geta brotið niður flötinn og vinna hratt á stuttum tíma.“ Stærsta breytingin er þó að sögn Guðmundar að vatnsnotkun hefur minnkað. „Áður fyrr var verið að blautþvo allt. Núna erum við hætt að vera með vatn í vögnum heldur fær starfs-



Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri ISS, en fyrirtækið hefur umhverfsvottun Svansins.

MYND/GVA

fólk okkar moppur með réttu rakastigi sem duga á ákveðinn fermetrafjölda. Svo er náð í nýja moppu með réttu rakastigi og mildum hreinsilegi. Það þýðir að starfsmenn okkar eru hættir að burðast með vatn og ná í nýtt vatn o.s.frv. Fyrir utan að tæki og tól og áhöld eru miklu notendavænni en þau voru hér áður fyrr.“

Að sama skapi hafa viðskipti við birgja breyst. „Í dag höfum við færri og stærri birgja og þeir hafa auðvitað þurft að svara kröfum okkar. Það er ánægjulegt að segja frá því að þeir hafa staðið sig mjög vel í þessum málum. Stærsti birgirinn okkar í dag er Tandur sem hefur staðið sig mjög vel enda mikil fagþekking á þeim bænum.“



“Ég leysi málin með umhverfið í huga”

Ég þekki þarfir viðskiptavinarins í mínu fyrirtæki

Með allt á hreinu

Ræstingarsvið ISS er Svansvottað sem tryggir fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum gæðaþjónustu, sem er vistvænni í framkvæmd.

Með því að velja umhverfsvottaða þjónustu stuðla viðskiptavinir okkar að sjálfbærri þróun samfélagsins þar sem komandi kynslóðir hafa jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Vertu í hópi öruggra og ánægðra viðskiptavina. Láttu okkur leysa málin - www.iss.is

A World of Service





NEUTRAL SLÆR TVÆR FLUGUR Í EINU HÖGGI

„Neutral-vörurnar hafa algjöra sérstöðu þegar kemur að gæðum og virkni um leið og þær eru sérlega mildar og grænar,” segir Guðrún Húnfjörð, vörumerkjastjóri hjá Nathan & Olsen. Fyrirtækið flytur inn umhverfisvænar hreinlætis- og húðvörur frá Neutral sem Íslendingum eru að góðu kunnar.

„Langtæstur hluti Neutral-línunnar ber norræna Svansmerkið. Það auðveldar viðskiptavinum að hugsa vel um umhverfið – án þess að slá af kröfum sínum um gæði, virkni og velliðan,” segir Guðrún.

Svanurinn vinsæll hjá þjónustufyrirtækjum

Í dag er 21 íslenskt fyrirtæki með Svansvottun. Nær öll fyrirtækin eru þjónustufyrirtæki. Fyrirtækið Undri úr Reykjanesbæ, sem framleiðir iðnaðarhreinsi og penslasápur, er það eina sem hefur fengið vottun fyrir vörur. Elva Rakel Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir Ísland skera sig mjög úr að þessu leyti samanborið við hin Norðurlöndin. „Við erum ekki mikið vöruframleiðsluland og þetta hlutfall endurspeglar því ágætlega markaðinn hérlandis. Hér er mikið af þjónustufyrirtækjum og við flytjum mikið inn af vörum.“ Fyrirtæki sem sækja um Svansvottun fá alltaf vottun á einstakar vörur eða þjónustu. Þrátt fyrir að einungis hafi verið vottaðar vörur frá einu íslensku fyrirtæki eru nokkrar slíkar umsóknir í ferli hjá Umhverfisstofnun. „Á þessu stigi eru umsóknirnar trúnaðarmál og ekki hægt að greina mikið frá innihaldi þeirra en það verður gaman að fylgjast með þróuninni á næstu árum enda spennandi vöruflokkar að detta inn.“

Atvinnugreinar eru misduglegar að sækja um Svansvottun og segir Elva umsóknir koma í litlum bylgjum. „Svanurinn er orðinn mjög vinsæll í ákveðnum þjónustuflokkum þar sem einn ríður á vaðið og aðrir fylgja í kjölfarið. Þar má nefna að prentsmiðjur, ræstingafyrirtæki og hótél hafa verið dugleg að sækja um Svaninn. Þessi snjóboltaáhrif ráðast líklega af eftirspurn og því að menn þurfa að koma auga á möguleikana og sjá kosti þess að vera með vottun. Svanurinn er líka eins konar gæðakerfi og gagnast því fyrirtækjum á margvíslegan hátt. Neytendur kalla í auknum mæli eftir að unnið sé að umhverfismálum og Svanurinn er afbragðs leið til að miðla ágæti vörunnar eða þjónustunnar.“

Margar innfluttar Svansvottaðar vörur er á boðstólnum hérlandis að sögn Elvu. „Svanurinn er orðinn mjög sterkt og þekkt vörumerki á Íslandi og innflutningur á merktum vörum er sífellt að aukast. Á Norðurlöndunum má meðal annars sjá mikla vakningu meðal snyrtivöruframleiðanda sem tengist aukinni áherslu neytenda á að velja eiturefnalausar og öruggar vörur fyrir sig og sína. Dagvöruverslanir og veitingastaðir á Norðurlöndunum hafa líka í vaxandi mæli fengið vottun og gaman væri að sjá slíka þróun hérlandis.“



Björk Baldvinsdóttir, sölu- og markaðsstjóri ISS.

SÁTT OG SAMVINNA VIÐ NÁTTÚRUNA

„Það er skylda hvers fyrirtækis að vinna í sátt og samvinnu við náttúruna,” segir Björk Baldvinsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá ISS. „Svansvottun eykur hagkvæmni í rekstri og ytir einnig undir góð og ábyrg vinnubrögð. Vottunin tekur á öllum þáttum rekstrarins og heldur okkur stöðugt á tálum. Það var aldrei efi í okkar huga að innleiða Svaninn þar sem hann hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum. Vottunin tryggir gæði, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum og skiptir það okkur miklu máli.“

Lífræn vín og matur

Veitingahúsið Nauthóll stendur á rómantískum stað, mitt í vinsælustu náttúruperlu Reykjavíkur. Á næstu dögum öðlast Nauthóll norræna Svansvottun og verður þar með fyrsta Svansvottaða veitingahús lýðveldisins.

Við vildum endurspegla fegurð og tærleika náttúrunnar sem umlykur Nauthól í Öskjuhlíð. Því var markmið okkar í upphafi að verða umhverfisvænt veitingahús,” segir Guðríður María Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri veitingahússins Nauthóls sem var opnað við Nauthólsvík fyrir þremur árum.

Hún segir veitingahús gangast undir strangt ferli og þurfa að uppfylla marga þætti til að öðlast vottun norræna Svansmerkisins.

„Við þurfum þó litlu að breyta enda höfðum við Svansvottun að leiðarljósi þegar við höfum rekstur og vorum vel búin undir að takast á við innleiðingarferlið. Ferlið gekk vel fyrir sig og mín tilfinning er að við munum eiga auðvelt með að framfylgja ferlum vottunarinnar í framhaldinu,” segir Guðríður sem er strax farin að finna fyrir stórum sparnaði í mörgum þáttum rekstursins.

„Á vínseðli bjóðum við gómsæt, lífræn vín og bjór og á matseðli ríkulegt úrval grænmetisréttar. Aðrir réttir á matseðli innihalda margir hverjir ferskt og lífrænt hráefni beint frá bónda og eggjinn eru til að mynda úr frjálsum og hamingjusömum hænum. Þá eru öll hreinsiefni til daglegra þrifa með Svansvottun og á Nauthóli er mjög þróað flokkunarkerfi sorps sem tryggir lágmarksáhrif á umhverfið,” útskýrir Guðríður.

Hún segir starfsfólk Nauthóls upplýst um alla ferla sem viðkoma Svansvottuninni og meðvitað um að flokka rusl samviskulega, slökkva óþörf ljós, fara spar-



Starfsfólk Nauthóls hefur sterka umhverfisvitund og leggst á eitt með að hlúa að náttúrunni.



Nauthóll stendur við vinsælan göngustíg í Öskjuhlíð. Þar er dásamlegt að tylla sér bæði inni og úti til að njóta sælkerafæðis og óviðjafnanlegs útsýnis í náttúruparadis borgarinnar.

lega með rafmagn og skrúfa fyrir rennsli undir stéttum þegar ekki er frost og snjór. Þá hjálpi til að allur tækjabúnaður var keyptur nýr og sparneyttinn.

„Hér leggjast allir á eitt og hafa gaman af enda góð tilfinning að hlúa að umhverfi okkar og bjóða aðeins það besta, græn-

asta og hollasta úr náttúrunni. Með Svansvottun tökum við samfélagslega ábyrgð og skref í átt að eðlilegri framtíðarþróun, ásamt sjálfsagðri skyldu gagnvart umhverfinu, starfsfólki okkar og viðskiptavinum,” segir Guðríður.

Gestir Nauthóls munu verða varir við Svansvottun á matseðli og víðar í húsinu og er von Guðríðar að Svansvottun Nauthóls verði öðrum veitingahúsum til eftirbreytni.

„Við erum stolt af því að fá virta vottun Svansmerkisins á Nauthól og hlökkum til að taka á móti gestum sem vilja njóta veitinga á umhverfisvænum veitingastað í fagurri náttúru borgarinnar,” segir Guðríður.

Nauthóll er á Nauthólsvogi 106. Heimasíða www.nautholl.is og www.facebook.com/nautholl.

Spilliefni finnast víða

Skaðleg efni leynast í mörgum vörum sem notaðar eru dagsdaglega. Smátt og smátt leka þessi efni út í umhverfið og safnast upp með slæmum afleiðingum.

Sífelld er verið að setja strangari reglur um innihald skaðlegra efna í vörum. Sum þessara efna eru nauðsynleg til að viðhalda gæðum þeirra. Efnin er að finna í mismiklum mæli í vörunum og eru misskaðleg umhverfinu.

Arsenik

Arsenik hefur verið notað til að gagnverja timbur, við framleiðslu á glervörum og í rafbúnað. Arsenikefnasambönd safnast upp í plöntum og dýrum í mismiklum mæli og geta verið mjög eitruð lífríkinu og jafnvel valdið krabba-meini. Þau eru einnig notuð í PVC-plastvörur, steinefnaáburð, tóbak og rafgeyma í bíla. Í dag er að mestu hætt að nota arsenik til að gagnverja timbur en það mun engu að síður halda áfram að leka úr gömlu timbri næstu árin.

Paraben

Paraben-efni eru meðal annars notuð sem rotvarnarefni í snyrti- og hreinsivörur, til dæmis í blautklúta og krem. Rannsóknir á dýrum hafa sýnt að paraben-efni raska hormónastarfsemi. Takmörk eru á notkun þeirra í snyrtivörum og eru Svansvottaðar vörur án slíkra efna.



Klórparaffín

Klórparaffín er samheiti efna-flokks eldtefjandi efna sem notuð eru í plast, gúmmí og textílvörur. Einnig er það notað sem mykingarefni í málningu og plast. Það brotnar hægt niður í umhverfinu og safnast fyrir í mönnum og dýrum. Það getur borist til barns með móðurmjól og haft áhrif á þroska heilans. Strangar reglur eru í gildi um leyfilegan hámarksstyrk á hluta af þessum efnum í fjölda vörutegunda.



Blý

Blý er eitruð og of mikið af því í líkamanum getur skaðað rauðu blóðkornin og taugakerfið. Það er sérstaklega hættulegt heilaproska fóstura og ungra barna sem og lífvera sem lifa í vatni. Það hefur verið notað í bílarafgeyma, veiðarfæri, skotfæri, málningu, rautt og gult leirtau ásamt fleiru. Búið er að banna blý að mestu í bensín, í blýhögglum við veiðar og rafbúnaði auk þess sem bannað er að nota einföld blýsambönd í málningu.

Úrval af vistvænum vörum hjá Olís

Vitund um vernd umhverfisins hefur aukist mikið undanfarin ár. Olís býður fjölbreytt úrval hreinlætisefna, poka og pappírs sem er vottað með merki Svansins. Fyrirtækið tekur inn nýjar vörur í línuna reglulega og býður einnig upp á námskeið í notkun þeirra fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

Olís býður upp á mikið úrval af Svansvottuðum vörum. Hreinlætisefni, hreinlætispappír, pokar og fleira. „Í Svansvottuðu línunum okkur erum við með allt sem þarf til þrifa og erum stöðugt að vinna í því að bæta inn meira og meira af vörum,“ segir Eggert Bjarnason, sölu- og þjónusturáðgjafi heildsölu- og rekstrarvörudeildar. „Við eigum núna til allt sem þarf til þess að þrifa og sinna öllum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir alla þessa aðila.“

Umhverfisvænir

Eggert segir mikla aukningu vera í sölu á umhverfisvottuðum vörum. „Markaðurinn hefur kallað eftir þessum vörum í auknum mæli og við erum að bregðast við þeirri kröfu. Við getum nú boðið okkar viðskiptavinum upp á allt sem þeir þurfa hvað þetta varðar. Það eru alltaf að verða fleiri og fleiri sem eru meðvitaðir um verndun umhverfisins og því fleiri sem nota þessar vörur miðað við það sem áður var. Þessi aukna sala hjá okkur leiðir til þess að við höfum meira samstarf við erlenda birgja á þessu sviði og getum þar af leiðandi boðið upp á frábær kjör og gæði. Við erum stöðugt að leita og bæta inn hjá okkur umhverfisvottuðum vörum í öllum viðeigandi vörutegundum.

Nýjungar

Meðal nýjunga í Svanslínunni hjá Olís er sjálfvirkur sápuskammtari, Solid Allround, sem er kjörin lausn fyrir sjálfvirkar uppvottavélar í mótuneytum, stóreldhúsum, á veitingastöðum og víðar. Solid Allround er alkalískt uppvottaefni í föstu formi fyrir uppvottavélar með sjálfvirkri skömmtunarkerfi. Solid Allround vinnur mjög vel á almennum matarleifum, fitu, próteinum og kalkútfellingum. Það hentar vel til uppvotta á gleri, postulíni, plasti og ryðfríu stáli og skilar því skínandi hreinu. Efnið endist vel og sparar bæði tíma og peninga. Þetta hefur verið gríðarlega vinsælt kerfi frá því við komum með það á markað og eru sápuskammtararnir komnir upp víða um land á veitingastöðum, leikskólum, skólum, skipum og á fleiri stöðum. Þeir sem nota þetta efni segja það þrifa mjög vel og er mikil ánægja með það,“ segir



Meðal nýjunga í Svanslínunni hjá Olís er sjálfvirkur sápuskammtari, Solid Allround, sem er kjörin lausn fyrir sjálfvirkar uppvottavélar í mótuneytum, stóreldhúsum, á veitingastöðum og víðar.

Eggert. „Þetta eru létt og meðfæri-leg fimm kílóa hylki sem samsvara 22 til 27 lítrum af fljótandi uppvottalegi. Skynjari tryggir lágmarksskömmtnun og hámarksnýtingu. Það er mikil virkni í efninu og þar sem þetta er lokað kerfi tryggir það öruggari og þægilegri vinnuástandur. Það tekur lítið pláss og takmarkar sorp og Olís sér um uppsetningu og alla þjónustu.“

Sérfræðingar á öllum sviðum

Eggert segir marga líta á Olís þannig að þeir selji bara bensín og átti sig ekki á að þeir séu með lausnir fyrir alla sem þurfa að nota hreinlætisvörur. „Við erum með sérfræðinga á öllum sviðum, Sérfræðingar okkar aðstoða fyrirtæki við að finna hagkvæmari lausnir í þessum málum, veita alhliða ráðgjöf varðandi hreinlæti á vinnustað, gerð þrifaáætlaða, eftirlit með þrifum, val á tækjum, gæðaeftirlit og svo framvegis.

Námskeið

Við höldum námskeið í notkun hreinlætisvara fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í þeim tilgangi að ná fram hagkvæmari rekstri. Með kennslunni erum við að hjálpa viðskiptavinum við að minnka efnisnotkun. Við komum því þannig fyrir að þetta sé einfalt og þægilegt fyrir alla.“

Það eru ekki einungis umhverfissjónarmið sem ráða för í kaupum á Svansvottuðum vörum þó þau leiki stórt hlutverk. „Vörurnar eru auðveldar og þægilegar í notkun. Þær eru jafnframt ekki jafn hættulegar og önnur sambærileg efni því þær eru minna ertandi. Þetta ræður oft för hjá almenningi sem kaupir þessar vörur, sérstaklega hjá fólki sem á börn,“ segir Eggert.



Eggert segir úrval Svansvottaðra vara vera fjölbreytt hjá Olís og sífelld sé verið að bæta við nýjum vörutegundum í línuna. MYND/GVA



Fjölbreytt úrval Svansvottaðra hreinlætisvara er fánlegt í verslunum Olís. MYND/VALLI

Þú finnur fjölda svana á rekstrarvörum okkar



PIPARTBWA - SIA - 121950



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Lágmarksviðleitni að flokka sorp

Vala Gísladóttir flokkar allt heimilissorp og leggur heilt herbergi á heimilinu undir það. Umhverfisverndarsjónarmið koma líka fram í innkaupum hennar og samgöngumáta og litar hennar daglega líf að miklu leyti.

Vala Gísladóttir, kennari við Kelduskóla, hefur verið meðvituð um umhverfisvernd frá unga aldri. „Ég var mjög lítil þegar ég lagði á það áherslu við foreldra mína að kaupa endurninn eldhúspappír og annað í þeim dúr og hef flokkað heimilissorp frá því ég fór að búa. Mér finnst það bara lágmarksviðleitni sem borgar- og jarðarbúi,“ segir Vala.

Með herbergi undir flokkunina

Vala segir ekki mikið mál að flokka. „Það eru grenndargámar úti um alla borg og þegar ég áttaði mig á því að þar væri ekki einungis hægt að losa pappír heldur líka plast fannst mér út í hött að henda því í almenna sorpið og er farin að flokka það líka. Þetta tekur reyndar svolítið pláss en ég bý svo vel að vera með lítið herbergi við hlið eldhússins sem ég er eiginlega búin að leggja undir flokkunina. Það var áður skrifstofuherbergi en hver þarf svoleiðis,“ segir hún og kímir. „Það ætti þó alveg að duga að koma sér upp hentugum boxum og kössum undir þetta og skrifast þetta með herbergið eiginlega á skipulagsleysi í mér,“ viðurkennir Vala.

Í herberginu flokkar hún pappír, plast, flöskur, dósir og glerkrukkur. „Krukkurnar þarf reyndar að fara með á Sorpu en ég get ekki hugsað mér að henda þeim í ruslið og sjá á eftir þeim ofan í jörðina.“

Umhverfisvæn innkaup og samgöngur

Umhverfisverndarsjónarmiðin koma líka fram í innkaupum Völu. „Ég reyni til dæmis að kaupa ekki grænmeti sem er í miklum plastumbúðum og vel umhverfisvæn þvotta- og hreinsiefni. Ég fer þó ekki bæjarenda á milli eftir slíku heldur kaupi það í næstu matvöru-búð,“ segir Vala sem er líka meðvituð um útblástur bíla og reynir yfirleitt að sækja sér þjónustu í



Vala hefur alltaf verið meðvituð um umhverfið. Hún leggur stund á hagnýta siðfræði meðfram vinnu og situr meðal annars kúrs sem ber yfirskriftina siðfræði náttúrunnar.

næsta nágreinni. „Þá líður mér best þegar ég kemst til og frá vinnu sem mest á eigin orku og reyni yfirleitt að hjóla eða taka strætó. Mér finnst voðalegt bruðl að láta heilan einkabíl bera mig eina á milli staða.“

Vinnustaðurinn umhverfisvænn

Vala er víða minnt á umhverfisvernd í leik og starfi og segir það eflaust hjálpa til. „Kelduskóli er grænfánaskóli. Þar er lögð mikil áhersla á hreyfingu og útivist. Við flokkum og erum meðvituð um umhverfi okkar. Þá tókum við þátt í Göngum í skólann og Hjól- að í vinnuna svo dæmi séu nefnd.“

Vala er sömuleiðis nemandi í hagnýtri siðfræði við Háskóla Íslands og situr kúrs sem nefnist siðfræði náttúrunnar. „Þar erum við meðal annars að fjalla um það að maðurinn er ekki konungur alheimsins heldur hluti af náttúrunni og eigum við að lifa í sátt og samlyndi við hana. Við getum ekki endalaust sett okkur í fyrsta sæti.“

Umhverfisvitundin úr uppellinu

En hvaðan kemur þessi mikla umhverfisvitund? „Ég held að það sé uppellid,“ segir Vala eftir nokkra umhugsun. „Ég er alin upp við mikla hófsemi. Þá eru foreldrar mínir mikið ferða- og göngufólk og hafa alltaf verið í jákvæðum tengslum við náttúruna.“

Ég reyni að láta þetta ganga áfram til sona minna og held ég að það hafi tekist ágætlega. Það myndi að minnsta kosti aldrei hvarfla að þeim að henda plastflösku í ruslið.“

Moltugerð næst á dagskrá

En ætlar þú lengra með flokkunina? „Já, mig langar að setja upp moltu til að flokka lífræna úrganginn. Það er lítið mál fyrir fólk sem er með stóran garð en ég hef ekki enn þá fundið hvernig ég á að leysa það hjá mér. Þetta hefur því aðeins setið á hakanum og ég er með þínu samviskubit yfir því. Ég reyni því bara að borða alla matar- afganga,“ segir Vala í gríni. „Borða bananahýði, eplakjarna og mixa kartöfluhýði út í salatið.“



Áratuga reynsla segir allt!

Persónuleg þjónusta alla leið!

Göngum hreint til verks!



Prentgripur

Prentsmiðjan fékk svansvottun árið 2000

GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
www.gudjono.is · sími 511 1234

Traustur vinur umhverfis og húðar

Dönsku hreinlætisvörurnar frá Neutral hafa slegið í gegn á meðal Íslendinga sem velja gæði fyrir sjálfa sig og heimilið og vilja umgangast náttúruna af virðingu. Allar vörur Neutral eru lausar við ilm-, litar- og skaðleg aukefni. Langstærstur hluti Neutral-línunnar er með vottun norræna Svansmerkisins. Því er auðvelt fyrir neytendur að leggja sitt af mörkum í umhverfisvernd.

Neutral slær tvær flugur í einu höggi og fer vel með bæði húðina og umhverfið,“ segir Guðrún Húnfjörð, vörumerkjastjóri hjá Nathan & Olsen. Fyrirtækið flytur inn umhverfisvænar hreinlætis- og húðvörur frá Neutral sem Íslendingum eru að góðu kunnar. „Neutral-vörurnar hafa algjöra sérstöðu þegar kemur að gæðum og virkni um leið og þær eru sérlega mildar og grænar,“ segir Guðrún.

Vörulína Neutral er bæði fyrir heimili og húð allrar fjölskyldunnar og þróuð í samvinnu við Astma- og ofnæmissamtök Danmerkur. „Langstærstur hluti Neutral-línunnar ber norræna Svansmerkið. Það auðveldar viðskiptavinum að hugsa vel um umhverfið án þess að slá af kröfum sínum um gæði, virkni og vel líðan,“ segir Guðrún. Allar vörur Neutral eru lausar við ilm- og litarefni og skaðleg aukefni. Húð- og snyrtivörur Neutral eru einnig án parabena. „Neutral Compact-þvottaefnin

hafa vottun norræna Svansmerkisins til staðfestingar á því að þau uppfylli kröfur yfirvalda um umhverfisvænar vörur. Neytendur geta því auðveldlega lagt sitt af mörkum til að hlífa umhverfinu með því að skammta rétt í þvotta vélina, þvo við lágt hitastig og nota umhverfisvæn þvottaefni,“ útskýrir Guðrún. „Neutral vinnur daglega að því að gera vörur sínar eins umhverfisvænar og hægt er án þess að slaka á aðalkröfunum sem eru að vörurnar eiga að vera ofnæmisvænar og gæðin áreiðanleg.“ Á dögunum opnaði heimasíðan www.neutral.is. Hún inniheldur ítarlegar upplýsingar um Neutral-vörurnar ásamt góðum ráðum um ofnæmi. Þess má geta að Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral.

„Neutral er danskt merki og þar í landi númer eitt á öllum sviðum. Umhverfisvitund Íslendinga fer sömuleiðis ört vaxandi og æ fleiri sem velja Neutral, sjálfs síns og náttúrunnar vegna.“

Vörulína Neutral er stór. Margir þekkja þvottaefnið, handsápuna og sturtusápuna af góðu einu en þar með er úrvalið hvergi tæmt. Neutral inniheldur einnig uppþvottalög, mýkingarefni, svitalyktareyði, sjampólínu, húðmjólk, handáburð, ungbarnalínu, krakkalínu og andlitslínu.



Guðrún Húnfjörð er vörumerkjastjóri Nathan & Olsen.



Neutral kynnti nýlega Svansmerktu andlitslínu sem gefur húðinni allt sem hún þarfnast – og ekkert annað! Öll línan er algjörlega án ilmefna, litarefna og parabena.

Fleiri flokka og skila

Fjöldi þeirra sem flokkar og skilar sorpi virðist vera að aukast sem og meðvitund um umhverfið. Starfsfólk Sorpu leggur sig fram við að auðvelda fólki umhverfisverndina, grenndargámar eru til dæmis staðsettir í alfaraleið.

Umræða um umhverfisvernd og meðvitund almennings um málefnið hefur aukist undanfarin ár. Sala á umhverfisvottuðum vörum hefur aukist og flokkun á sorpi hefur færst í aukana. Karen H. Kristjánsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Sorpu, segir starfsfólk þar finna fyrir þessari aukningu þó ekki séu til neinar tölur sem eru fastar í hendi sem sýna fram á þetta. „Við hjá Sorpu finnum mest fyrir því þegar breytingar verða á kaupmætti. Árið 2007 var mjög mikill úrgangur af því neyslan var svo mikil. Eftir að kreppan skall á hefur dregið úr úrgangi en það er erfitt að segja til um hvort það sé vegna þess að fólk sé að kaupa minna eða hvort flokkun sé að aukast. Það er þó ýmislegt sem bendir til þess að það sé vegna aukinnar flokkunar því samkvæmt þjónustukönnunum sem við höfum gert í gegnum árin fer fjöldi þeirra sem segjast flokka og skila vaxandi. Hlutfall þeirra sem endurvinnna heima hjá sér er alltaf að hækka en það gerist hægt og bítandi samkvæmt þessum þjónustukönnunum.“ Mörgum vex það ef til vill í augum að flokka sorp en starfsfólk Sorpu leggur sig fram um að auðvelda fólki umhverfisverndina.



Auðvelt er að flokka sorp í helstu endurnýtanlegu flokkana, pappír, plast, gler og skilagjaldsskyldar umbúðir.

„Grenndargámar eru nú úti um allt. Þeir eru staðsettir í alfaraleið, oft hjá matvöruverslunum og leikskólum. Það er auðvelt að flokka í þessa helstu flokka, pappír, plast, skilagjaldsskyldar umbúðir og gler. Það þarf ekki lengur að flokka málma, starfsfólk Sorpu getur nú tekið þá úr almenna sorpinu. Gott er að venja sig

á að fara á endurvinnslustöðvar reglulega með dósir og gler. Íbúar í Kópavogi og Garðabæ eru nú allir komnir með bláar tunnur fyrir utan hjá sér þar sem þeir geta sett allan pappír í og svona má áfram telja hvað fólk getur gert til að endurnýta. Oft gerir fólk sér ekki grein fyrir hversu lítið mál þetta er,“ segir Karen.



Útiloka þurfti allar einnota vörur, svo sem sápu og sjampóbrúsa við Svansvottun Grand hótels og því sápu- og sjampóskammtar á herbergjum.

Fyrsta Svansvottaða hótelið

Miklar breytingar á starfsemi fyrirtækja geta fylgt því ferli sem þarf til að fá Svansvottun. Grand Hótel hefur nýlega gengið í gegnum slíkar breytingar.

Grand Hótel Reykjavík hefur hlotið Svansvottun og var það fyrsta stóra hótelið á landinu til að hljóta vottunina. „Umhverfismál eru okkur mikilvæg og við náðum mjög góðum árangri á skömmum tíma þar sem við innleiddum vinnureglur Svansvottunarinnar á um það bil hálfu ári,“ segir Gylfi Freyr Guðmundsson, aðstoðarhótelstjóri Grand Hótels. „Stærstu breytingarnar sem

hafa bein áhrif á okkur og gesti okkar eru flokkun sorps, útilokun einnota vöru og hvatning birgja til að finna umhverfisvottaðar vörur fyrir okkur. Það sem hefur verið erfiðast við þetta er að rata í gegnum þann frumskóg vottana sem til eru á markaðnum. Þess vegna er Svansvottunin svo mikilvæg því þar eru engin vafaatriði, allt er rýnt í þaula og það sem reynist ekki rétt er hægt að forðast.“

VEIST ÞÚ HVAÐ SVANSMERKIÐ ER OG HVAÐA ÞÝÐINGU ÞAÐ HEFUR?



Hákon Jónsson.
„Nei.“



Erla Söldís.
„Já, það er umhverfismerki.“



Bára Mjöll Franksdóttir.
„Er það ekki svona umhverfismerki, þetta græna, sem segir til um hvort umbúðir séu vistvænar.“



Kjartan Þórisson.
„Nei.“



Ernir Eyjólfsson.
„Já, það er umhverfisstaðall. Þannig fyrirtæki þurfa að fylgja ákveðnum reglugerðum.“

MIKIÐ TRAUST TIL SVANSINS Á NORÐURLÖNDUM

Umhverfismerkið Svanurinn var stofnað árið 1989 af neytendanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar en frá árinu 2006 hefur umhverfisnefndin haft málið á sinni könnu. Finnar, Íslendingar, Norðmenn og Svíar hafa tekið þátt í samstarfinu um Svansmerkið frá byrjun en Danir hófu notkun þess árið 1998. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til Norrænu umhverfismerkinganefndarinnar (NMN) árið 2011 var um fjórar milljónir danskra króna.

NMN mótar sameiginlega stefnu um hvaða vörflokkar mega merkja með Svaninum og hvaða skilyrði varan þurfi að uppfylla. Norrænir sérfræðingahópar gera tillögur að skilyrðum og umhverfismerkingaráðin í hverju landi fyrir sig fjalla um leyfisumsóknir og gefa út leyfi. Í Danmörku og á Íslandi bera umhverfisráðuneytin ábyrgð á umhverfismerkingum en í hinum þremur norrænu

ríkjunum fellur Svansmerkið undir neytendamál. Framtíðarsýn norrænna umhverfisráðherra er að Svanurinn verði þekktur sem eitt skilvirkasta valfrjálsa verkfæri á umhverfissviði árið 2015. Staða Svansins er sterk vegna mikils trúverðugleika. Fyrir fyrirtæki er Svanurinn eftirsóknarverður og traustur máti til að nýta sér umhverfismál til að styrkja samkeppnishæfni sína og hann er sjálfsagður valkostur fyrir neytendur sem gera strangar kröfur til umhverfisþátta og gæða. Neytendum er ljóst að viðmið Svansins fela í sér strangar kröfur í loftslagsmálum ásamt skrásetningu á erlendum Svansmerktum vörum. Kröfur Svansins eru strangar og Svansmerkið er þannig trygging fyrir því að um sé að ræða vandaða vöru eða þjónustu.



Við erum í Svansmerkinu -fyrir framtíðina

Libero®



**Sjálfskiptur -
ekinn 112 þús!!**
Hyundai Accent árg.'01, ekinn aðeins 112þús., sjálfskiptur, 5dyra, skoðaður 2013, bíllinn er í góðu ástandi og er á nýlegum sumardekkjum og það fylgja nánast ný nagladekk með, Tilboðsverð aðeins 390þús stgr., uppl. í s: 659-9696.

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en .00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keysla.is S:820-3880

Lyftarar



Körfulbílaleiga
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

Hjólbarðar



**Kebek vetrardekk -
TILBOÐ**
185/55 R 15 13.900 kr.
195/65 R 15 13.900 kr.
205/55 R 16 15.900 kr.
205/60 R 16 17.900 kr.
215/60 R 16 18.900 kr.
205/50 R 17 18.900 kr.
Kaldasel ehf Dalvegur 16 b
201 Kópavogur s. 5444333

Varahlutir

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrífs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hjf. S. 534 1045.



Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskar og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrífs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin
Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrífs og uppgerðar. Isetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Ópið 09-18 og lau. 12-16.

Óska eftir að kaupa mælaborð í daewoo nubira ,03-'07 árg. Uppl. í s. 847 3441.

Smápartar.is
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru frá 97 til2002 módel og í Skoda Octavia frá 2000 til 2007,og einnig Honda CR - V árg.2005.Sími 5675040-7785040. Smápartar.is

Viðgerðir

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmiði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 / 699 6069.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti
S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

**Málningarpjónusta
Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarpjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafli., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



Parketslípun, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.



Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

Spádómar



Spásíminn 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Skemmtanir

Laufskálarétt 2012
Gistihúsið Himnasvalir Egilsá Gisting-Akstur-Skemmtun S: 892-1852

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskípti og dýrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

KEYPT & SELT

Til sölu



Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.

Úrval af saltkristalslömpum, liffrænum snyrti- og húðvörum, blómadröpum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkerfum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Ópið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is



Lok á heita potta og hitaveituskeljar.

Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarpunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www. Heitirpottar.is Sími 777 2000



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfri. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.

Ódýr heimilstæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. **Sigga & Tímo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripí. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. **Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin**

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. **Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Óska eftir að kaupa vinyl hljómplötur, CD diska og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

Til bygginga



Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Fritt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www. heilsufrettir.is/solosk

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

Nudd

NUDD OG HEILSA
FÓTAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Ópið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Þjónusta



Glimir þú við þyngdar- eða átvanda! MFM Matarfíknarmiðstöðin Sími: 568 3868 www.matarfíkn.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Blaðberinn

bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herb. íbúð í Kórahverfi í Kópavogi til leigu Leigist í 3 mánuði í einu, uppl. á sussy@simnet.is

10 fm risherbergi til leigu á svæði 107. Uppl. í s. 771-9944.

Húsnæði til sölu

Til sölu í Njarðvík, vantar þig íbúð og búskiptisfærni, myndir og uppl. á hamin.is

Atvinnuhúsnæði

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bíl af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STADSETNING
FLENSBORGGADE 39

Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 1038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is



Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

Fiskurnia
Poszukujemy pracowników (kobiet) do krojenia i pakowania ryby w Hafnarfjörður, także do jej filetowania. Dobrze wspolpracujacych i pracowitych ludzi.
Wiecej informacji pod numerem: 865-6487 w języku islandzkim lub angielskim oraz w miejscu pracy pod adresem:
Stormur Seafood, Lonsbraut 1, Hafnarfirði

Vant þjónustufólk
Við leitum að rösku, vönu fólki til að vinna um helgar við þjónustu í glæsilegu veitinga- og ráðstefnuhúsi í Grafarholti frá kl. 18.30 til kl. 24 eða 2.30. Hentar duglegu skólafólki meðfram námi, ekki þó yngri en 20 ára. **Nánari uppl. veitir Hulda Nanna í síma 899 5678. Íslenskukunnátta skilyrði.**

Starfsfólk óskast á Bar í miðbænum
Starfsfólk, helst með reynslu, óskast á bar í miðbænum um helgar.
Upplýsingar í síma 896 7776.



Hressingarskálinn ehf leitar að starfsfólki í eldhús, sal o.fl. með reynslu. Vinsamlegast sendið póst á hresso@hresso.is eða fyllið út umsókn á staðnum Austurstræti 20.

Sölustarf
Tölvufyrirtæki óskar eftir sjálfstæðu sölufólki. Gott verkefni. Áhugi á internetinu kostur. Nánari uppl. í s. 5537400 milli kl. 10 og 17.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í kvöldstarf. Góð laun fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi á erna@tmi.is

Beitingamenn vantar á 50 tonna bát sem rær frá Vestfjörðum. Uppl. í síma. 861 9344.

Starfsmaður óskast á hjólarðaverkstæði í Kópavogi Helst vanur. Uppl. í s. 820 1070

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrafa eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannabjónustan S. 661 7000.

Vantar þig forritara með mikla reynslu?
Höfum á skrá forritara með Diplómapróf í kerfisfræði - BSc í tölvunarfræði - BSc í hugbúnaðarverkfræði -BSc í tölvunarstærðfræði. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannabjónustan s .661-7000

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynslóður
905-2002 • 535-9930
Símadómur • Live spjall
908-6000 • 535-9999

HRAUNHAMAR
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Tunguvegur - Einbýli - Hfj.



Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög gott þriggja íbúða hús samtals um 207 fermetrar vel staðsett við Tunguveg 3 í Hafnarfirði. Skráning samkvæmt FMR, íbúðarhús tvær hæðir og ris 128 fermetrar. Bílskúr 24 fermetrar og iðnaður 55 fermetrar er íbúð í dag. Eignin er í góðu ástandi klædd að utan með lóð í suður, sólþöllum og tilheyrandi. **Verð 45 millj.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

HRAUNHAMAR
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Naustahleirn - Gbæ. - TIL LEIGU
60 ára og eldri.



Sérlega fallegt endaraðhús með bílskúr samtals. 130 fm. í næsta nágrenni við Hrafnistu í Hafnarfirði. **Langtíma leiga. Laus strax.** Upplýsingar veitir Hilmar Bryde á skrifstofu eða í síma 892-9694.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

Til sölu



Til sölu
Kópavogsbær auglýsir til sölu (**til flutnings eða niðurrifs**) 109 m² timburhús sem er við Álfrólsvæg 102 í Kópavogi.

Nánari upplýsingar gefur eignadeild Kópavogsbæjar í síma **570 1500** og netfanginu **gunnarka@kopavogur.is**.



TUNGUÁS 5 –GARÐABÆ
Hagstæð lán – tvær aukaíbúðir í útleigu
Opið hús í dag 17.00 - 17.30



Sýnum í dag 260 fm einbýlishús á frábærum stað í Ásunum í Garðabæ. Eignin skiptist í aðalhæð og tvær aukaíbúðir á jarðhæð. Á efri hæð er 4ra herbergja íbúð með bílskúr og á neðri hæð eru tvær

2ja herbergja íbúðir báðar með séringgangi og eru þær báðar í útleigu með mjög góðum leigu-tekjum. Möguleiki að yfirtaka hagstæð áhvílandi lán ca 50 milljónir. **Verð 67,9 millj.**

Gísli Rafn sölufulltrúi sýnir eignina í dag kl. 17 – 17.30

Ólafur B. Blöndal lfg.
S. 6-900-811

FASTEIGNASALAN
fasteign.is
Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, lögg. fasteigna- fyrirtækja- og skipasali

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiliam hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL: 18.00 - 18.30
FLÓKAGATA 39, 105-REYKJAVÍK



Mikið endurnýjuð og falleg 3ja herb. íbúð á jarðhæð/kjallara í þrúbýlishúsi. Frábær staðsetning. Húsið er í mjög góðu ástandi, m.a. nýlega steinað, endurnýjað þak og frárennslislagnir. Góður fjárfestingarkostur, hentugt til útleigu. **Laus strax. Verð 20,6 millj.**

Dan V.S. Wiliam hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

ÚTILÍF

STARFSKRAFTAR

VIÐ ÓSKUM EFTIR STARFSMÖNNUM Í FULLT STARF Í SPORT- OG ÚTIVISTARDEILD OKKAR OG STARFSMANNI Á KASSA.

Útilíf er framsækið fyrirtæki sem selur sport- og útivistarvörur með áherslu á gott vöruúrval og framúrskarandi þjónustu.

Við óskum eftir starfsmönnum í fullt starf í sport- og útivistardeildir okkar til að sinna sölu og þjónustu. Í starfinu felst jafnframt dagleg áfylling á vörum og afgreiðsla á kassa. Einnig leitum við að starfsmanni á kassa.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, með áhuga á sporti eða útivist, með ríka þjónustulund og lipur í mannlegum samskiptum, hefur góða skipulagshæfni og sýnir frumkvæði í starfi þá ertu einmitt starfskrafturinn sem við leitum að.


Sendu umsóknina á utilif@utilif.is merkt „Starf strax“ fyrir 10. október.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁLALIND. WWW.UTILIF.IS

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFID SJÓNVARP

MEIRA SKÚBB

vísir
- oft á dag

Evru fylgja ábati og nýjar hættur

Í nýrri og vandaðri skýrslu Seðlabankans um valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum er krónu með bættri umgjörð og evru stillt upp sem þeim valkostum sem liggja beinast við. Markaðurinn kynnti sér kosti og galla beggja valkosta.

FRÉTTASKÝRING

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Seðlabankinn kynnti nýverið umfangsmikla skýrslu um valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum. Er það mat bankans að tveir kostir liggi beinast við sem framtíðargjaldmiðill landsins; króna með bættri umgjörð og evra sem tekin yrði upp í kjölfar aðildar að ESB.

Í skýrslunni er fjallað um hagfræðileg rök með og á móti þessum kostum. Seðlabankinn bendir þó á að ákvörðun um þetta nær langt út fyrir ramma hagfræði og verður aldrei tekin nema í gegnum pólitískt ferli. Það mat bankans er vafalítið rétt en hin hagfræðilegu álitafni hljóta að vega þungt í umræðunni um málið. Verður því hér gerð grein fyrir þeim hagfræðilegu rökum sem færa má fyrir hvorum valkosti.

MARGPÆTTUR ÁBATI EVRU

Upptaka evru í kjölfar inngöngu í ESB hefði margþættan ábata í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Í fyrsta lagi má nefna að kostnaður við skipti á krónum og evrum myndi hverfa. Þá yrði ódýrara fyrir Íslendinga að kaupa aðra gjaldmiðla þar sem gjaldreyrismarkaður með evrur er mun dýpri en með krónur. Seðlabankinn telur að þessi sparnaður gæti numið fimm til fimmtán milljörðum á ári.

Í öðru lagi má nefna að rannsóknir benda til þess að upptaka evru myndi örva viðskipti við evruríkin þar sem viðskiptakostnaður lækkar. Telur Seðlabankinn að upptaka evru gæti því aukið utanríkisviðskipti um 8% til 23%. Við það myndi landsframleiðsla á mann aukast varanlega um 1,5% til 11% en við það myndu tekjur heimila hækka. Þá má telja líklegt að erlend fjárfesting hér á landi myndi aukast eftir upptöku evru.

Í þriðja lagi ætti upptaka evru að gagnast neytendum og fyrirtækjum að því leyti að markaðir evruríkja opnast frekar. Aukin samkeppni hér ætti að gagnast neytendum og þá gefur stærri markaður fyrirtækjum tækifæri á að nýta betur stærðarhagkvæmni í framleiðslu og rekstri.

Í fjórða lagi gæti Ísland með upptöku evru leyft sér að hafa minni gjaldeyrisforða en ella. Í febrúar birti utanríkisráðherra skriflegt svar á Alþingi við fyrirspurn um hver sá sparnaður gæti verið. Var niðurstaðan sú að við eðlilegar aðstæður gæti sparnaðurinn numið sex milljörðum á ári.

Í fimmta lagi má ætla að kostnaður við peninga, peningamálastjórn og gjaldeyrisviðskipti, lækki eftir

MIKILVÆGUSTU KOSTIR KRÓNU OG EVRU



Evra:

- Tugmilljarða rekstrarhagfræðilegur sparnaður fyrir þjóðarþúið
- Lægri verðbólga og vextir
- Aukin utanríkisviðskipti sem hækkar landsframleiðslu
- Óstöðugleiki vegna sveiflna krónunnar hverfur

Króna:

- Fljótandi króna auðveldar hagkerfinu að bregðast við efnahagslegum áföllum
- Peningastefna Seðlabanka Íslands reynir að dempa sveiflur innanlands. Peningastefna Seðlabanka Evrópu gæti þvert á móti magnað sveiflurnar.
- Upptaka evru gæti valdið meira atvinnuleysi en ella í niðursveiflu og því að samkeppnisstaða hagkerfisins versni hægt og rólega með slæmum afleiðingum



upptöku evru. Erfitt er þó að henda reiður á hve mikill sá sparnaður gæti verið. Þá yrði hlutdeild Íslands í myntsláttuhagnaði vegna útgáfu evra meiri en myntsláttuhagnaður vegna útgáfu króna ef marka má svar utanríkisráðherra við fyrirspurn á þingi sem birt var í desember í fyrra. Gæti myntsláttuhagnaður aukist um 2,8 milljarða á ári.

Í sjötta lagi myndi verðbólga hér á landi minnka og nálgast verulega verðbólgu annarra evruríkja. Verðbólga á evrusvæðinu hefur verið á bilinu 1% til 3% lengst af frá því að evran varð til.

Í sjöunda lagi myndu raunvextir hér á landi lækka og nálgast vexti á evrusvæðinu. Erfitt er að merta hve mikil lækkunin yrði en lægri áhættuþóknun vegna gengissveiflna og verðbólgu og dýpri fjármálamarkaður hefðu sitt að segja. Fyrir vikið telur Seðlabankinn að landsframleiðsla myndi hækka varanlega á Íslandi.

Í áttunda lagi myndi upptaka evru fela í sér að áhætta vegna bankastarfsemi erlendis minnkaði þar sem hún yrði að stærri hluta í heimamýnt. Þá myndi Seðlabanki Evrópu sjá um lausafjárfyrirgreiðslu til banka en hann hefur meira bolmagn til að bregðast við lausafjávanda en sá íslenski.

Í níunda lagi fylgja aðild að ESB og upptöku evru kvaðir sem ætlað er að sporna við agaleysi í hag-

stjórn. Þá tæki Ísland þátt í margvíslegu samráði um efnahagsstefnu og fengi aðgang að björgunarsjóðum ESB. Þessir þættir gætu reynst gagnlegir en allt eins má líta á þá sem hættulegt fullveldisframsal.

Að lokum gæti upptaka evru mildað hagsveifluna á Íslandi og aukið stöðugleika þar sem gengissveiflur krónunnar myndu hverfa. Er það mat Seðlabankans að reynsla Íslendinga af sjálfstæðri peningastefnu og sveigjanlegu gengi hafi almennt verið slök. Þá hafi sveigjanleiki krónu fremur magnað sveiflur en stuðlað að stöðugleika. Þó ber að taka fram að sveigjanleiki krónunnar hefur einnig við vissar aðstæður auðvaldað aðlögun þjóðarbúsins eftir alvarleg áföll. Má í því samhengi nefna hrun síldarstofnsins í lok sjöunda áratugarins og bankahrunið haustið 2008.

SVEIGJANLEIKI KRÓNU GETUR VERIÐ DÝRMETUR

Ein helsta röksemdin fyrir því að taka upp evru hvílir á því mati Seðlabankans að peningamálastjórn með fljótandi krónu hafi gengið illa og ýkt sveiflur í hagkerfinu fremur en dregið úr þeim.

Það er þó ekki þar með sagt að ekki geti gengið betur framvegis. Í skýrslunni fjallar bankinn um hugsanlegar umbætur sem gera má til að auka virkni peningastefnu

unnar. Telur bankinn að verði tilögum fylgt eftir verði hún skilvirkari auk þess sem vonast megi til þess að dragi úr sveiflum í gengi krónunnar. Tillögur bankans má sjá hér fyrir neðan en ljóst er að takist að standa betur að innlendri hagstjórn minnkar hvatinn til þess að skoða upptöku annarra gjaldmiðla.

Þá hefur áframhaldandi notkun krónu þann kost að Ísland viðheldur sjálfstæðri peningastefnu. Áfram yrði því hægt að beita henni og sveigjanlegu gengi til að draga úr áhrifum efnahagslegra áfalla og hraða aðlögun þjóðarbúsins að breyttum aðstæðum eins og við höfum séð síðustu ár. Þá gætu umbætur á hagstjórn og eftirliti með fjármálakerfinu minnkað kerfisáhættu hér á landi.

Upptaka evru gæti jafnframt magnað hagsveifluna eins og Seðlabankinn telur að krónan hafi gert. Þegar lítið er til þess hvort ríki hafa gagn af því að ganga í myntbandalag er lykilatriði að bera saman hagsveiflu ríkisins og ríkja bandalagsins. Ef hagsveiflan er eins er kostnaður afsals sjálfstæðrar peningastefnu lítill þar sem peningastefna sameiginlegu myntarinnar kemur einfaldlega í staðinn og mildar sveiflur. Ef hagsveiflan er hins vegar ólík getur sameiginlega peningastefnan þvert á móti magnað sveiflur.

Íslenska hagsveiflan hefur

sögulega verið í takmörkuðum tengslum við hagsveiflu evruríkja. Bendir það til þess að talsverð hætta sé á því að peningastefna Seðlabanka Evrópu myndi henta Íslandi illa og magna sveiflur. Þó má nefna að ýmsar rannsóknir benda til þess að hagsveiflur ríkja í myntbandalagi verði líkari með tímanum. Því kann að vera að þetta vandamál minnki eftir því sem lengra líður frá upptöku evru.

EVRA SKAPAR VISSAR HÆTTUR

Þá ber að hafa í huga að stór hluti þess ábata sem mögulegt er að myndi fylgja upptöku evru er háður því að innlend efnahagsstefna einkennist af fullnægjandi aðhaldssemi. Til að mynda telur Seðlabankinn nauðsynlegt að halda opinberum skuldum í skefjum og beita þjóðhagsvarúðartækjum til þess að draga úr áhættu í fjármálakerfinu.

Loks þarf að tryggja að sveigjanleiki vinnumarkaðar sé nægur til að aðlagast ytri áföllum í ljósi þess að gengi evru myndi ekki breytast við slík áföll. Seðlabankinn telur að við óbreyttar aðstæður gæti það reynst erfitt gangi Ísland í myntbandalag. Því telur bankinn upptöku evru kalla á breytingar á ákvörðun nafnlauna á Íslandi en annars er hætta á því að atvinnuleysi aukist mun meira en ella hér á landi í niðursveiflum.

Þá kemur fram í skýrslunni að launakostnaður hér hafi kerfisbundið hækkað meira en sem nemur framleiðniaukningu vinnuaflds. Samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega hafi hins vegar haldið óbreytt þar sem gengi krónu hafi veikt á móti. Sá kostur verður ekki fyrir hendi taki Ísland upp evru. Yrði áframhald á slíkum launahækkunum með evru er því veruleg hætta á að samkeppnisstaða þjóðarbúsins veikist smám saman sem gæti endað með alvarlegum vanda eins og hefur myndast víða í Suður-Evrópu síðustu ár.

Einnig er hætta á því að lægri vextir hér á landi eftir upptöku evru myndu ýta undir skuldaföfnun sem sömuleiðis gæti valdið vandræðum í niðursveiflu.

Eins og minnst hefur verið á hér hefur evrusvæðið glímt við talsverða erfiðleika á síðustu miss-erum sem enn hafa ekki verið að fullu leystir. Kreppan á evrusvæðinu hefur afhjúpað ákveðna hönnunargalla á myntbandalaginu sem fyrir vikið má telja líklegt að breytingar verði gerðar á næstu árum. Í besta falli mun það standa eftir sterkara en áður en í versta falli gætu vandræðin ógnað tilvist þess. Segja má að áhættusamt sé fyrir Ísland að skuldbinda sig til upptöku evru fyrr en komið er endanlega í ljós hvaða breytingar verða gerðar á því.

LEIÐIN AÐ EVRUNNI

Áður en Íslendingar geta hafið að nota evrur er margt sem þarf að gerast. Í fyrsta lagi þurfa Íslendingar að samþykka inngöngu í ESB að loknum aðildarviðræðum. Þá gætu liðið þó nokkur ár frá því að ákvörðun er tekin um inngöngu og þar til Ísland yrði fullgilt evruríki. Helstu vörðurnar á leiðinni til evru eru eftirfarandi:

- Íslendingar þurfa að ljúka aðildarviðræðum við ESB og í kjölfarið samþykka inngöngu.
- Losa þarf gjaldeyrishöftin hér á landi því samkvæmt regluverki ESB skal því lokið áður en til mögulegrar aðildar kemur.
- Að inngöngu í ESB lokinni þarf Ísland að uppfylla hin svokölluðu Maastricht-skilyrði áður en það getur gengið í myntbandalagið. Meðal þeirra er að taka þátt í ERM II-samstarfinu um gjaldeyris-mál í tvö ár hið minnsta og ná að halda gengi krónu innan ákveðinna marka á því tímabili. Fram kemur í skýrslunni að líklega muni Ísland uppfylla flest skilyrðanna á næstu árum. Ekki

er aftur á móti fyrirsjáanlegt að heildarskuldir ríkisins verði lægri en sem nemur viðmiði á næstunni. Í skýrslunni er þó bent á að fordæmi eru fyrir því að ríkjum sé samt sem áður leyft að taka upp evru fari ríkisskuldir hratt lakkandi. Nýleg reynsla af agaleysi í opinberum fjármálum á evrusvæðinu gæti þó gert það að verkum að framvegis verði túlkun þessa ákvæðis harðari.

- Líklegt má telja að breytingar verði gerðar á regluverki myntbandalagsins sem viðbragð við skuldakreppunni sem hefur leikið sum evruríki grátt undanfarið. Því er ekki útilokað að leiðin að evrunni gæti tekið breytingum á næstu árum.

ENDURBÆTTUR RAMMI UTAN UM KRÓNUNA

Í skýrslu Seðlabankans er fjallað um hugsanlegar umbætur sem gera má á peningastefnunni, hagstjórn hér á landi og regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi. Samandregið eru þessar mögulegu breytingar eftirfarandi:

- Stefnan í ríkisfjármálum styðji betur við peningamálastefnuna. Skoðað verði hvort einhvers konar ríkisfjármálareglur geti hjálpað til við það.
- Endurbætt fjármálastöðugleikastefna þar sem þjóðhagslegum varúðarreglum og öðrum tækjum er beitt til að vinna gegn áhættu í fjármálakerfinu og sveiflumagnandi samspili þess og raunhagkerfisins. Meðal varúðarreglna sem Seðlabankinn hefur lagt til má nefna takmarkanir á lánum í erlendum gjaldmiðlum og söfnun

innlána í útbúum banka erlendis.

- Seðlabankinn beiti inngripum á gjaldeyrismarkaði sem miði að því að leggjast á móti óhóflegu fjármagnsinnstreymi og milda neikvæð áhrif fjármagnsústreymis á stöðugleika fjármálakerfisins.
- Endurbætur á ramma peningastefnunnar. Til álíta kemur að lengja sjónendardhring peningastefnunnar og auka svigrúm hennar til að vinna á móti ójafnvægi á eignamörkuðum.

Jákvæð upplifun skapar hollustu

Með því að leggja áherslu á jákvæðar og nýstárlegar upplifanir viðskiptavina geta fyrirtæki skapað tryggð meðal þeirra. Þetta hafa rannsóknir þýska markaðssérfræðingsins Bernds Schmitt leitt í ljós en hann telur áherslu á upplifun, ánægju og þátttöku viðskiptavina geta verið mjög ábatasama fyrir fyrirtæki.

VIÐTAL

Magnús Þorlákur Lúdvíksson
magnusl@frettabladid.is

Bernd Schmitt er prófessor í alþjóðaviðskiptum við Columbia Business School í New York. Er hann þekktur fyrir skrif sín og kenningar á sviði markaðssetningar, vörumerkjastjórnunar og stefnumótunar en hann hefur í rannsóknum sínum lagt áherslu á nýsköpun í markaðssetningu og upplifun viðskiptavina. Markaðurinn ræddi við Schmitt um rannsóknir hans og hvernig þær geta komið fyrirtækjum að gagni við markaðssetningu.

Í rannsóknum þínum hefur þú meðal annars skoðað hvernig fyrirtæki geta skapað hollustu hjá viðskiptavinum með því að leggja áherslu á upplifun þeirra. Viltu segja mér frá þessu?

„Til að búa til hollustu þurfa fyrirtæki að búa til tengsl við viðskiptavinina. Tengsl sem gera það að verkum að viðskiptavinirnir snúa aftur síðar, jafnvel án þess að velta fyrst fyrir sér hvort nálgaðst meggi betri staðkvæmdarvöru annars staðar.

Nú, hvernig er hægt að ná þessu fram? Ein leið er að vera einfaldlega með miklu betri vöru en samkeppnisaðilarnir. Vandinn er sá að fæst fyrirtæki hafa slíkt samkeppnisforskot og þurfa því að beita öðrum aðferðum. Ein er að sjá til þess að öll þjónusta sé fyrsta flokks. Önnur er að nota skapandi markaðsherferðir til að gera vörumerki fyrirtækisins „svalt“. Þriðja leiðin er að gera verslanir fyrirtækisins spennandi, til dæmis með óvenjulegri hönnun eða með því að hafa alls konar áhugaverða hluti í gangi hverju sinni. Það eru svona hlutir sem ég kalla upplifun viðskipta-



BERND SCHMITT Schmitt hefur veitt mörgum stærstu fyrirtækjum heims ráðgjöf um hvernig auka meggi hollustu viðskiptavina.

FRÉTTABLAÐID/GVA

vina og með því að leggja áherslu á hana er hægt að skapa hollustu.“

Þú hefur talað um að fyrirtæki geti notað þrjár aðferðir til að breyta venjulegum viðskiptavinum í tryggja viðskiptavinum. Hverjar eru þær?

„Sú fyrsta er að láta viðskiptavininum líða vel og bjóða þeim upp á áhugaverða upplifun. Þetta tengist því sem við vorum að ræða og við getum tekið hótélkeðjuna W sem dæmi. W er tiltöluleg nýleg hótélkeðja en hefur náð góðum árangri. Hún býður sínum viðskiptavinum aðra reynslu af því að gista á hóteli en þeir eiga að venjast. Til dæmis er öll hönnun framúrstefnuleg, það er plötusnúður í anddyrinu og alls konar áhugaverðir hlutir í gangi hér og þar.

Í fyrsta lagi geta fyrirtæki með tryggja viðskiptavinum verðlagt vörur sínar hærra, það hefur fjöldi rannsókna sýnt.

Önnur leið til að láta viðskiptavinum líða vel er að vera einfaldlega með vöru sem gerir einmitt það. Ég get tekið Disney sem dæmi, allar þeirra vörur snúast um vellíðan. Mörg sætindi snúast um vellíðan, margar matvörur og drykkir sömuleiðis, þannig að ef þú ert í slíkum geira þá sér varan eiginlega um það sjálf.

Þriðju leiðina til að skapa tengsl við viðskiptavinum kalla ég tilgang en hún snýst um að tengja við gildi fólks. Sumt fólk er til að mynda mjög meðvitað um umhverfismál. Ef þitt fyrirtæki selur umhverfisvænar vörur og hannar umbúðir og fleira slíkt sem gefur frá sér þau skilaboð þá getur fyrirtækið byggt upp hollustu hjá þannig þenkjandi fólki. Það eru fjölmörg gildi sem fyrirtæki geta reynt að hampa með þetta fyrir augum.

Fjórdða leiðin snýst svo í raun um að vera sífellt að gera nýja hluti og ég kalla hana þátttöku. Við getum tekið fyrirtæki á borð við Skype, Facebook og Twitter sem eru sífellt að kynna til leiks nýja möguleika á vefsíðum sínum sem eru gagnlegir fyrir

viðskiptavinum. Þannig er hægt að halda viðskiptavinum á tálum.“

Hver er ábati fyrirtækja af því að hafa mjög áhugasama viðskiptavinum fremur en einungis hefðbundna viðskiptavinum?

„Í fyrsta lagi geta fyrirtæki með tryggja viðskiptavinum verðlagt vörur sínar hærra, það hefur fjöldi rannsókna sýnt. Í öðru lagi munu viðskiptavinirnir tala vel um vöruna í daglegu lífi sem er ekkert annað en verðmæt auglýsing. Í þriðja lagi veita viðskiptavinirnir fyrirtækinu meiri athygli en ella. Þannig að þegar fyrirtækið til dæmis kynnir nýja vöru eru viðskiptavinirnir líklegri til að kaupa þá vöru líka.“

Því hefur verið haldið fram að ábati þeirra aðferða sem þú hefur lýst hafi minnkað á síðustu árum þar sem þær hafi orðið of vinsælar. Með öðrum orðum að of mörg fyrirtæki hafi verið að beita sömu aðferðunum til að skera sig úr og þar með hafi ábati hvers og eins minnkað. Ertu sammála þessu?

„Það er gott að þú spurðir þessarar spurningar. Það er rétt hjá þér að mörg fyrirtæki líta nú á þessar hugmyndir sem eins konar verkfærakassa. Þau lesa þá um hvernig þetta eða hitt fyrirtæki hefur beitt hugmyndunum og herma svo eftir þeim. En þetta er kolrangur hugsunarháttur. Þessi hugmyndafræði snýst öll um að vera frumlegur í að skapa upplifanir. Og hvernig er það gert? Jú, í stað þess að hugsa um styrkleika vörunnar sem á að selja eiga fyrirtæki heldur að spyrja sig hvernig viðskiptavinir þess eru að lifa lífi sínu og hvernig varan getur passað inn í það. Þess vegna er til að mynda mikilvægt að markaðsfólk beiti lífsstílsrannsóknum til að komast að því hvernig menning viðskiptavinnanna er að breytast hverju sinni.“

Olíuverzlun Íslands tapaði tæpum 30 milljónum króna í fyrra:

1,8 milljarða króna krafa á móðurfélag Olís gefin eftir

ELDSNEYTISMARKAÐUR

Þóroddur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Olíuverzlun Íslands, betur þekkt sem Olís, tapaði 29,3 milljónum króna í fyrra, krafa sem félagið átti á móðurfélag sitt upp á 1,8 milljarða króna var gefin eftir og skuldir þess endurfjármagnaðar. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Olís.

Í ársreikningnum kemur meðal annars fram að „í desember 2011 var gengið frá samkomulagi við viðskiptabanka félagsins [Landsbankann] varðandi endurfjármögnun og leiðréttingu á lánum félagsins. Samhlíða því samkomulagi er gert ráð fyrir aðkomu nýrra hluthafa að félaginu á árinu 2012 og mun koma til hlutfjárláukninga á fyrri hluta ársins sem mun verða ráðstafað til greiðslu skammtímaskulda við bankann.“

Sú hlutfjárláukning átti sér stað í febrúar síðastliðnum þegar hlutfé Olís var lækkað um 502,5 milljónir króna að nafnvirði, eða um 75 prósent. Það var síðan samstundis hækkað aftur um sama magn. Fyrir breytinguna átti FAD 1830, sem nú heitir GESE ehf., allt hlutféð. Það félag er í eigu Einars



OLÍS Félagið er á meðal stærstu eldsneytissala landsins.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Benediktssonar og Gísla Baldurs Garðarssonar. Eftir breytinguna átti félagið 25 prósent hlut. Samherji og FISK Seafood, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga, greiddu fyrir hlutfjárláukninguna og eru því orðnir eigendur að meirihluta í Olís.

Í ársreikningnum kemur fram að skuldir Olís hafi verið 16,8 milljarðar króna um síðustu áramót og hækkuðu um 300 milljónir á milli ára. Athygli vekur þó að afborganir langtímalána námu 7,6 milljörum króna á árinu 2011 og skammtímaskuldir við lánastofnanir jukust um tæpa fjóra milljarða króna.

Samkomulag Olís við Landsbankann gerði einnig ráð fyrir því að

Olís myndi sameinast móðurfélagi sínu, GESE ehf., og systurfélaginu Sandfelli ehf. ef Samkeppnisýfirvöld myndu samþykkja breytingarnar. Það samþykki fékkst nú í september. Í ársreikningi Olís segir að „við samruna félaganna mun krafa Olíuverzlunar Íslands hf. á hendur móðurfélagi sínu að fjárhæð 1.781 millj. kr. falla út á móti skuld móðurfélagsins“. Ekki liggur fyrir hvaða önnur áhrif endurskipulagningin mun hafa á fjárhag GESE ehf. Félagið skilaði síðast ársreikningi árið 2007. Þá skuldaði félagið 6,8 milljarða króna. Eina eign þess á þeim tíma var öll hlutabréf í Olís sem metin voru á 6,8 milljarða króna.

Útgerðarfyrirtæki hagnaðist um 1,4 milljarða í fyrra:

Þorbjörn skilaði inn sex ársreikningum

Útgerðarfyrirtækið Þorbjörn hf. frá Grindavík skilaði inn ársreikningi fyrir árin 2006 til 2011 þann 6. september. Þar kemur meðal annars fram að félagið hafi hagnaðist um 1,4 milljarða króna í fyrra eftir að hafa tapað um 250 milljónum króna árið áður. Eignir félagsins um síðustu áramót voru metnar á 22,6 milljarða króna og eigið fé var um 4,7 milljarðar króna.

Eigendur félagsins greiddu sér út um 550 milljónir króna í arð á árinu 2010 vegna frammistöðu þess á árinu á undan, þegar það hagnaðist um rúman milljarð króna. Enginn arður var greiddur út til þeirra í fyrra, enda tapaði Þorbjörn peningum á árinu 2010. Í ársreikningi ársins 2012 er ekki gerð tillaga að arðgreiðslu vegna ársins 2011.

Þorbjörn gerði framvirka gjaldeyris-skriptasamninga við tvo banka fyrir hrún. Í ársreikningnum kemur fram að fyrirtækið hafi í fyrra gert samning við þrotabú Landsbankans „um fullnaðaruppgjör framvirkra samninga sem bankinn krafði félagið um. Viðræður um uppgjör á kröfu Glitnis hf. standa



ARÐSEMI Eiríkur Tómasson er framkvæmdastjóri Þorbjarnar.

yfir og er enn óljóst hver niðurstaðan verður. Fjárhæð skuldar vegna framvirkra gjaldmiðlasamninga miðast við að samningaviðræður við Glitni hf. leiði af sér sömu niðurstöðu og uppgjör við LBI [gamla Landsbankann] fól í sér“.

Skuldir Þorbjarnar í lok síðasta árs voru bókfærðar 17,9 milljarðar króna. Þær lækkuðu um 1,7 milljarða króna á því ári. Helstu eigendur fyrirtækisins eru framkvæmdastjórinn Eiríkur Tómasson og fjölskylda hans.

- þsj

Góðir staðir til að vinna á

TIL LEIGU

Suðurlandsbr. 24
108 Reykjavík



- Fjölbreytt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á jarðhæð
- Bílageymsla og næg bílastæði, hentug staðsetning
- Stærð u.þ.b. 986 m², laust strax

TIL LEIGU

Fossháls 5-7
110 Reykjavík



- Rúmgott verslunarhúsnæði fyrir rekstur af ýmsu tagi
- 1.066 m² á jarðhæð og um 400 m² á 2. hæð, næg bílastæði
- Góð lofthæð, hentug innkeyrsluhurð, góð aðkoma



- Stór salur, fundarherbergi, skrifstofur og eldhús
- Mjög vel búið húsnæði í hvers konar rekstur
- 1.386 m², laust 1. október

TIL LEIGU

Ármúli 31
108 Reykjavík



www.reitir.is

REITIR

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

Hin hliðin

PÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR



Hver ráðstafar tekjunum þínum?

Eins og allir launþegar finn ég töluvert fyrir því hversu stóran skerf ríkið tekur af launum mínum mánaðarlega og er því afar umhugað hvernig þeirri upphæð er ráðstafað. Af þessum sökum undrast ég þegar ég heyri talað um áhugaleysi á stjórnmálum, hvað þá að einhverjir ætli ekki að nýta kosningarétt sinn. Hvernig má það vera að fólk vilji ekki hafa áhrif á það hvernig stórum hluta tekna þeirra í hverjum mánuði er ráðstafað?


Nú ætla ég ekki að bera í bætiflaka fyrir það að vinsældir stjórnmála og stjórnmálamanna eru í sögulegu lágmarki og Alþingi nýtur því miður einungis trausts 10% þjóðarinnar. Það virðist vera mikið óþol og þirringur gagnvart stjórnmálaumræðu almennt sem er miður og kallar á allsherjar endurskoðun á vinnubrögðum og samskiptum í stjórnmálum. Þetta breytir samt ekki þeirri staðreynd að þeir sem á Alþingi og í sveitastjórnrum sitja eru fulltrúar sem þjóðin velur í lýðræðislegum kosningum til þess að halda um stjórnartaumana í landinu og ráðstafa stórum hluta tekna okkar.

Eru það kjörnir fulltrúar?

Stjórnmálaumræðan er komin mjög á skjön við það sem hún raunverulega snýst um í sinni einföldustu mynd. Ríkissjóðir, borgar- og bæjar- sjóðir eru sameignarsjóðir okkar og við höfum reglulega tækifæri til þess að velja fulltrúa okkar í stjórn þeirra í kosningum. Það skiptir máli hvaða umgjörð við búum samfélagi okkar, hversu mikið jafnvægi er á milli einstaklingsfrelsis og ríkisafskipta. Til einföldunar er hægt að segja að þetta snúist um að velja á milli þeirra stjórnmálamanna sem vilja auka við þjónustuna og hækka í leiðinni prósentuna sem við greiðum í ríkissjóð og þeirra sem vilja veita sömu þjónustu með því að hagræða í kerfinu og lækka prósentuna sem við greiðum. Það skiptir öllu máli að halda úti nauðsynlegri samfélagsþjónustu eins og heilsugæslu, menntun, velferð, samgöngum o.fl. En hversu stórum hluta tekna okkar ættu stjórnmálamenn að ráðstafa fyrir okkur?

Eða við sjálf?

Með því að taka þátt í opnum prófkjörum stjórnmálaflokkanna veljum við þá einstaklinga sem við treystum til þess að ráðstafa hluta tekna okkar, það er mikil ábyrgð sem fylgir því. Með því að taka þátt í kosningum er einnig verið að velja þá aðferð sem hámarkar að okkar mati nýtingu þessa fjármagns í þágu samfélagsins. Þau sem búin eru að fá nóg af stjórnmálum og vilja breytingar eiga þá einfaldlega að velja þann sem líklegastur er til að breyta – það gerist ekki nema að taka þátt. Það er staðreynd að atkvæðið skiptir máli.



PIETON / SIA

MP banki eflir atvinnulífið

- MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.
- Stefna okkar er skýr:**
Við erum banki atvinnulífsins.
- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
 - Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
 - Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.

Verið velkomin í banka atvinnulífsins.



Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

NÝJUNGAR
ÞJÓNUSTA
HÖNNUN

Fallegt úrval fyrir öll heimili

Sérhönnuð fyrir þig bestu lausnina – þér að kostnaðarlausu.

ORMSSON

Velkomin í breyttan og glæsilegan sýningarsal!

OPÍÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18 OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2819 & 530 2821 · www.hth-kitchen.com



Staðreyndavillur í skýrslu Seðlabanka Íslands

Gjaldmiðlar

Manuel Hinds

fv. fjármálaráðherra El Salvador

Heiðar Már Guðjónsson

hagfræðingur



Seðlabanki Íslands gaf í síðustu viku út skýrsluna Valkostir í gengis- og gjaldmiðlamálum. Það er mikilvægt að ekki sé kastað til höndunum, við gerð skýrslna, ekki síst þegar útgefandinn er seðlabanki, og í þessu tilfelli er ekki hægt að kenna ónógum tíma um gæði verksins.

Það er því mjög amalegt hversu margar staðreyndavillur er að finna, en hér er aðeins tæpt á einum kafla skýrslunnar, kafla 19 sem fjallar um einhliða upp-töku annars gjaldmiðils, en skýrslan telur í allt 25 kafla.

1. Á blaðsíðu 495 í skýrslunni segir að hagvöxtur sé að jafnaði minni og hagsveiflur meiri

í löndum sem tekið höfðu upp annan gjaldmiðil og vitnað í rannsóknir Edwards og Magendzo. Ef sú rannsókn er lesin kemur fram að höfundar telja engin tengsl á milli hagvaxtar og upptöku annarrar myntar. En aðalatriðinu úr sömu rannsókn er sleppt í skýrslu Seðlabankans, því tekið er fram að hagsveiflan sé minni hjá ríkari löndum eftir einhliða upptöku.

2. Á blaðsíðu 494 í skýrslunni er mat á skiptikostnaði á grunnfé í umferð, M0. Þar er ranglega talið að kostnaður við skiptin séu 80 milljarðar en ekki 40 milljarðar. Inneignir fjármálastofnana hjá Seðlabankanum eru 40 milljarðar og seðlar og mynt í umferð aðrir 40 milljarðar. Inneign fjármálastofnana er skuld Seðlabankans og þyrfti alltaf að greiða út og því er ljóst að seðlar og mynt er eini einskiptiskostnaðurinn.

3. Seðlabankinn hefur fullrytt að ekkert land hafi tekið upp einhliða aðra mynt án þess að landið hafi þegar verið undir það búíð, með mikilli notkun landsmanna á viðkomandi mynt. Í skýrslunni á blaðsíðu 502 er sérstaklega tiltekið að þannig hafi verið ástatt

um El Salvador, en sannleikurinn er sá að hlutfall dollarainni-staðna af heildinni var um 10%.

4. Í skýrslunni er því á blaðsíðu 502 haldið ranglega fram að meirihluti fjármálakerfis El Salvador sé ekki í erlendri eigu, þegar tveir stærstu bankar landsins eru Citibank og HSBC og allir bankar sem einhvers máttu sín voru keyptir af erlendum aðilum eftir upptöku dollars þar í landi.

5. Skýrslan gerir því skóna á blaðsíðu 507 að útgefni peningar seðlabanka séu eign viðkomandi banka, en ekki skuld, og því geti það stangast á við lög að taka upp mynt annars ríkis. Þetta er fjarri veruleikanum enda eru peningar eign handhafa, hverju sinni, og hann getur átt lögleg viðskipti með þá að vild, á hvaða stað sem er og á hverjum tíma sem er.

6. Sama hvaða skipan peningamála stefnusmiðir ákveða að styðjast við, verða alltaf til staðar kostir og gallar. Töfralausnir eru ekki til. Svo virðist sem skýrsluhöfundar leggi sig fram um að fjalla sérstaklega um hina neikvæðu þætti sem kunna að fylgja einhliða upptöku erlendra myntar. Er þar bæði vísað til rannsókna og eigin ályktana skýrsluhöfunda. Að sama

skapi virðast höfundar skýrslunnar fara varlega í það að greina frá jákvæðum áhrifum einhliða upptöku erlendra myntar. Til dæmis eru tölur um verðbólgu Svartfjallalands birtar, 11%, en ekki tölur um raunhagvöxt, líka um 11%, á blaðsíðu 505. Eins er farið í kostnaðarþætti skiptanna með sérkennilegum hætti, á blaðsíðum 492-493, því farið er aftur til ársins 1981 þegar nýkrónan var tekin upp og lagt mat á hvað skiptin hefðu kostað banka-kerfi þess tíma. Slíkur rökstuðningur á ekki við á tímum þar sem allt fjármálakerfið er byggt upp á rafrænum grunni og seðlar og mynt í umferð eru brot af því sem áður var.

7. Skýrslan fjallar um lánveitanda til þrautavara sem forsendu fjármálakerfis. Það er ekki sannleikanum samkvæmt. Eins og nú er orðið ljóst þá lendir reikningurinn alltaf á skattborgurum ef ríki eða seðlabanki reynir að vera lánveitandi til þrautavara fjármálakerfisins. Þar sem einhliða upptaka hefur verið reynd, í 33 löndum, þá er almenna reglan sú að fjármálakerfið þarf að sjá um sig sjálft, og getur ekki starfað á ábyrgð almennings.

Ef Seðlabanki Íslands ætlar að

fjalla á hlutlausan og faglegan hátt um mál, sem hann þekkir ekki til hlítar, hefði verið nærtækast að leita ráðgjafar sérfróðra aðila. Að ofansögðu er ljóst að það var ekki gert.

Oft skipta gæðin meira máli en magnið. Við gerð skýrslunnar hefði Seðlabankinn átt að vanda betur til verka og fjalla á sanngjarnan hátt um alla möguleika í stöðunni, í stað þess að setja fram lengstu skýrslu um gjaldmiðlamál sem sögur fara af, sem þrátt fyrir lengd sína bætir engu við það sem þegar hafði komið fram. Því miður virðist lengd skýrslunnar fremur til þess fallin að lama umræðu um aðra kosti en Seðlabankinn kýs, en að horfa opið á alla kosti Íslendinga. Undirritaðir hafa tekið saman sex blaðsíðna minnisblað sem er öllum aðgengilegt á vefnum einhliða.com og hefur verið sérstaklega sent þingmönnum, ráðuneytum, Seðlabanka Íslands, og bönkum. Þessu minnisblaði er ætlað að benda á mikilvæg atriði sem varða kosti Íslands í gjaldmiðlamálum sem Seðlabankanum tókst einhverra hluta vegna ekki að koma fyrir á þeim 622 blaðsíðum sem þeir notuðu til verksins.

Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á www.visir.is.

Fjármál sveitarfélaga

Sveitarfélög

Halldór Halldórsson

formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga



Árlega stendur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir Fjármálaráðstefnu þar sem stjórnendur sveitarfélaga, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, koma saman og ræða með faglegum hætti rekstrarmál sveitarfélaganna.

Ráðstefnan er haldin fyrr að haustinu en áður var vegna þess að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru unnar og samþykktar fyrr og fjárlög ríkisins eru lögð fram fyrr en venjan var. Að þessu sinni verður Fjármálaráðstefnan í Hörpu 27. og 28. september nk.

Að venju verður umræða um samskipti stjórnsýslustiganna tveggja, ríkis og sveitarfélaga. Við hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga höfum lýst yfir ánægju með mikil samskipti við ríkisvaldið en því miður hafa þau samskipti ekki alltaf leitt til þeirrar niðurstöðu sem við teldum æskilegasta. Þá vilja samskiptin gleymast af og til ríkismegin við borðið og gætir þess verulega núna við framlagningu fjárlaga fyrir árið 2013.

Þrátt fyrir umræðu um erfiðleika í rekstri sveitarfélaga og oft og tíðum miklar upphrópanir í þeirri umræðu þá er ljóst að reksturinn hefur batnað jafnt og

þétt frá efnahagshruninu haustið 2008. Ársreikningar sveitarfélaga fyrir árið 2011 eru teknir saman í Árbók sveitarfélaga sem kemur út á Fjármálaráðstefnunni. Samanburður á milli ára sýnir aukningu veltufjár frá rekstri og lækkun skulda og skuldbindinga í hlutfalli við tekjur.

Eins og mörgum er kunnugt hefur það markmið verið sett að skuldir sveitarfélaga eigi að vera innan við 150% af tekjum þeirra. Sveitarfélögin hafa tíu ár til að ná þessu markmiði nýrra sveitarstjórnarlaga. Þegar allir sveitarstjóðir landsins (A hluti) eru teknir saman er ljóst að skuldir og skuldbindingar eru 135% af tekjum eða innan við þetta markmið. Sama gildir ekki um fyrirtæki sveitarfélaga (B hluti) en þar eru skuldir og skuldbindingar 231% af tekjum. Þarna vega þyngst miklar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur.

Það eru staðbundin vandamál hjá ákveðnum sveitarfélögum þó mörg þeirra hafi náð töluverðum árangri í sínum rekstri. Það er ánægjulegt og traustvekjandi að sjá að sveitarstjóðir landsins í heild standa alveg þokkalega og áreiðanlega mun betur en almenningur gæti haldið miðað við umræðuna. Þess ber jafnframt að geta að sveitarfélögin færa allar sínar skuldir og skuldbindingar í ársreikninga. Nokkuð sem ríkissjóður gæti lært af sveitarfélögum.

AF NETINU

Spillingin, fúskið og fjórflokkurinn

Tvær fréttir í gær voru um frekar ógeðfellda hluti: Annars vegar um hundraða milljóna sjálfstöku slitastjórna, hins vegar um tvö þúsund og fjögur hundrað prósentu framúrkeyrslu við gerð hugbúnaðarkerfis (sem þar að auki hefur enn ekki verið klárað, þrátt fyrir yfirlýst verklok). Til að bíta höfuðið af skömminni fylgdu í kjölfarið yfirlýsingar frá embættismönnum um að það gæti stórskaðað almannahagsmuni að almenningur fengi innsýn í þessi hagsmunamál sín. Þetta er samt engin einsdæmi, því fréttir af þessu tagi hafa dunið á okkur frá hruni.

Nákvæmlega ekkert bendir til að breytingar séu í vændum á þeirri hrikalegu spillingu og fúski sem gegnsýrir íslensku valdakerfin, og þetta eru bara tvö dæmi um af mýmörgum.

<http://blog.pressan.is>

Einar Steingrímsson





Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

PHOTOSHOP EXPERT

ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ

Um námskeiðið

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirlýst mikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófilum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa og myndblöndun.

Fyrir hverja

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

Inntökuskilyrði

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu. Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem námsgögn eru á ensku.

Næsta námskeið

Hefst: 8. október og lýkur 7. nóvember.
Kennt er á mánudögum og miðvikudögum 18.00 - 22.00

Kennarinn



Sigurður Jónsson, lærði ljósmyndun í School Of Visual Arts í New York og öðlaðist meistararéttindi í ljósmyndun árið 1989. Hann hefur haldið námskeið í stafrænni myndvinnslu fyrir Ljósmyndarafélag Íslands, Listaháskóla Íslands, Margmiðlunarskólann, Iðnskólann í Reykjavík og nú í 7 ár hjá NTV.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN

– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI





63 OLIVIA NEWTON-JOHN söng- og leikkona á afmæli í dag „Fyrir mér er lúxus það að vera heima með dóttur minni. Smá nudd af og til er heldur ekki slæmt.“

Merkisatburðir

580 Francis Drake lýkur hringferð sinni um hnöttinn.

1942 Bifreiðaeinkasala ríkisins er lögð niður.

1965 Fyrsti bandaríski hermaðurinn lætur lífið í Víetnam.



1957 Söngleikurinn West Side Story eftir Leonard Bernstein er frumfluttur í London.

1970 Fokker Friendship-flugvél frá Flugfélagi Íslands hf. ferst á Mykinesi í Færeyjum. Átta manns létust, þar af einn Íslendingur.

1973 Concorde-þota flýgur í fyrsta sinn yfir Atlantshafið á met tíma.

1984 Ákveðið er að Bretar afhendi Kínverjum Hong Kong árið 1997.



Ástkær sonur, bróðir og frændi,

JÓN HILMAR HÁLFDÁNARSON

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 17. september. Útför hans fer fram mánudaginn 1. október kl. 13.00 frá Garðakirkju.



Fyrir hönd aðstandenda,
Hálfðán Jónsson
Július Atli Hálfðánarson
Matthías Hálfðánarson
Júlíana Gísladóttir

Lovísa Grétarsdóttir
Brynja Guðmundsdóttir



Ástkær eiginmaður minn og stjúpfaðir okkar,

VALGEIR G. VILHJÁLMSOON

kennari,

Árskógum 8, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 20. september á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hans fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 28. september kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Anna D. Magnúsdóttir og börn



Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

KRISTINN T. MÖLLER

Bassi frá Siglufirði,

Gullsmára 9, Kópavogi,

lést sunnudaginn 23. september.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

Harpa Möller
Jón Ómar Möller
Bylgja Möller
Órvar Möller
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Sigurður Ingólfsson
Magna Sigbjörnsdóttir
Gísli Þór Gíslason
Ólöf Björnsdóttir



Innlegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts föður okkar, tengdafaðour, afa, langafa og langalangafa,

EGILS Á. KRISTBJÖRNSSONAR.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki og heimilisfólki á Droplaugarstöðum fyrir samfylgdina.

Auður Egilsdóttir
Kristbjörn Egilsson
Guðbjörg Egilsdóttir
Logi Egilsson
og fjölskyldur

Einar Guðlaugsson
Ólafur Guðbrandsson
Steingrímur Þormóðsson
Anna Guðmundsdóttir



FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.

ÞETTA GERÐIST: 26. SEPTEMBER 1960

Kennedy og Nixon áttust við

Á þessum degi árið 1960 áttust bandarísku forsetaframbjóðendurnir John F. Kennedy og Richard Nixon við í einum frægustu sjónvarpskappræðum allra tíma. Þetta var í fyrsta sinn sem forsetaframbjóðendur mættust í sjónvarpskappræðum í Bandaríkjunum en þeim var einnig útvarpað. Þetta voru fyrstu kappræðurnar af fjórum og tekist var á um innanlandsmál.

Sjónvarp var nýjung á þessum tíma og fæstir stjórnmálamenn höfðu leitt hugann að því hvernig þeir gætu nýtt það sér í vil. Kennedy var einn af þeim fáu sem höfðu gert það. Þegar hann mætti í sjónvarpið var hann nýkominn af fram-

boðsfundum í Kaliforníu og var sólbrúnn og hraustlegur. Nixon var á hinn bóginn nýrisinn úr rekkju eftir að hafa legið á spítala um nokkurra vikna skeið vegna hnémeiðsla. Hann var horaður og fölur og þvertók fyrir að láta farða sig fyrir sjónvarpið.

Yfirgnæfandi meirihluti sjónvarpsáhorfenda taldi að Kennedy hefði borið sigur úr býtum en þeim sem hlýddu á kappræðurnar í útvarpi fannst vera mjótt á mununum. Lengi var það viðtekin skoðun að sjónvarpskappræðurnar hefðu valdið straumhvörfum í kosningabaráttunni og Kennedy átt sigur sinn þeim að þakka. Það er senni-



lega ofmat, en ljóst er að Kennedy átti vinsældir sínar sannarlega sjónvarpi að einhverju leyti að þakka.



KYNNIR NÝJA SKÝRSLU Eiríkur Rögnvaldsson kynnir nýja skýrslu í dag um framtíðarhorfur tungumálanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EVROPSKI TUNGUMÁLADAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í DAG

Að tala íslensku við ísskápin

Í tilefni af Evrópska tungumáladeginum í dag efna Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Samtök tungumálakennara á Íslandi og Máltækni-setrið til dagskrár í hátíðasal Háskóla Íslands klukkan 16.00-17.15.

Hátíðin ber yfirskriftina „Tungumál, tækni og tækifæri“. Þar verður fjallað um hvernig ný þekking, tækni og leiðir geta nýst í þágu tungumálánáms og samskipta á erlendum tungumálum. Þá verður kynnt alþjóðleg skýrsla um framtíðarhorfur þrjátíu Evrópumála í stafrænum heimi auk þess sem greint verður frá stöðu erlendra tungumála í nýrri námskrá grunnskóla.

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, kynnir skýrsluna

um framtíðarhorfur tungumálanna. Niðurstaða hennar sýndi að um tveir þriðju hlutar málanna sem um er fjallað eru í hættu vegna þess að þau ná ekki að fylgja hraðri þróun upplýsinga- og tölvutækninnar og verða því ekki nothæf á mikilvægum sviðum þjóðlífsins í framtíðinni, ef svo fer sem horfir.

„Eitt sem menn átta sig kannski ekki á er hvað tungumálið leikur sífellt stærra hlutverk í samskiptum við tölvurnar. Við munum fá alls konar töl og tæki á næstu áratugum sem menn munu stjórna með því að tala við þau. Þá er spurning hvaða tungumál menn ætla að tala,“ segir Eiríkur.

Netrisinn Google opinberaði nýlega app-forrit þar sem menn geta talað íslensku við símann sinn og sagt

honum fyrir verkum. „Ég hef sagt að þetta sé eitt stærsta skref sem hefur verið stigið í íslenskri málrækt. Þetta opnar leið fyrir íslensku inn í svo margt,“ segir Eiríkur. „Ef við getum ekki talað íslensku við tækin mun það örugglega ekki þýða að við hættum við að nota þau. Ef það þýðir að þú þarft að tala ensku við ísskápin þinn þá munt þú gera það.“

Hann bætir við að enginn nema Google hefði getað búið til þetta forrit. Ástæðan er sú að fyrirtækið safnar nær öllum vefsíðum í heiminum og á því gífurlegt magn af íslenskum textum sem eru síðan greindir með svokallaðri talgreiningu. Hún sér um að finna út hvað er líklegt að maður hafi verið að segja. freyr@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

JÓN ÓSKARSSON
fyrrv. flugumferðarstjóri
Kristnibraut 41, Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. september á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. september kl. 15.00.

Sigdis Sigmundsdóttir
Anna Björg Jónsdóttir
Hafliði Jónsson
Sandra Mjöll Sigurðardóttir
Sigdis Lind Sigurðardóttir
Þorsteinn Már Hafliðason
Óskar Páll Hafliðason

Sigurður Hinrik Teitsson
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Guðrún Sigurðardóttir

Andrea Sif Hafliðadóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

HALLA BERGSTEINSDÓTTIR
Eyjahrauni 10,
Vestmannaeyjum,

lést laugardaginn 22. september. Jarðsungið verður frá Landakirkju Vestmannaeyjum laugardaginn 29. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Svea Sigurgeirsdóttir
Halla María Þorsteinsdóttir
Sigurgeir Óskarsson
Vilborg Bergsteinsdóttir
Jónas Bergsteinsson
Kjartan Bergsteinsson

Óskar Ólafsson





Mjólk er
góð!

Holl mjólk hraustir krakkar

Í dag er alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn og af því tilefni bjóða íslenskir kúabændur og MS öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólanum.

Mjólk er öflugur kalkgjafi og því mikilvæg fyrir byggingu sterkra beina. Hún er full af próteini og uppspretta hvorki meira né minna en ellefu lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna. **Mjólk er góð.**




ENNEM / SIA / NM64439

13. alþjóðlegi
Skóla**Mjólkur.**
dagurinn
26. september 2012



krossgáta



LÁRÉTT

2. hljóðfæri, 6. eftir hádegi, 8. vefnaðarvara, 9. hvíld, 11. gjaldmiðill, 12. þvílíkt, 14. rabb, 16. drykkur, 17. fiskur, 18. hrópa, 20. í röð, 21. fugl.

LÓÐRÉTT

1. loðfeldur, 3. stefna, 4. baknaga, 5. drulla, 7. holdýr, 10. tæfa, 13. knæpa, 15. svikull, 16. gegnsær, 19. strit.

LAUSN

16. tær, 19. at.
LÓÐRÉTT: 1. pels, 3. út, 4. bakatala, 5. áur, 7. holsepi, 10. tik, 13. krá, 15. flár.

LÁRÉTT: 2. túba, 6. eh, 8. tau, 9. lot, 11. kr, 12. slíkt, 14. skraf, 17. áll, 18. æpa, 20. að, 21. rita.

BYLGJAN

989



Á sama
tíma
að þri

Frumskýning
28. september
Forsala í fullum gangi!



fös. 28/9 kl. 20 **UPPSELT** sun. 7/10 kl. 20 örfá sæti
lau. 29/9 kl. 20 örfá sæti fös. 12/10 kl. 19 **UPPSELT**
lau. 6/10 kl. 19 örfá sæti lau. 13/10 kl. 19 örfá sæti
lau. 6/10 kl. 22 örfá sæti lau. 20/10 kl. 19 **UPPSELT**

Sýningar í Hofi á Akureyri

fös. 01/11 kl. 19 | lau. 02/11 kl. 19

Miðasala í síma 450 1000 og á
menningarhus.is

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhús.is

Borgarleikhúsið

Helvíti á jörð

BAKPANKAR
Svavar
Hávarðsson

Þetta var einhvern tímann stuttu eftir að ég byrjaði nám í háskóla. Ég leigði litla kjallarakompu í vesturbænum ásamt vini. Eins og lög gera ráð fyrir var lítið sem ekkert lesið en því meira var lífsblómið vökvað. Kjallarakompan góða var oft lokapunkturinn á svallinu. Einn morguninn vaknaði ég svo við að ákveðið var knúid dyra og reyndist það vera nágranni minn að biðja mig um að ganga varlegar um gleðinnar dyr næst þegar ég fengi gesti. Þessu lofaði ég manninum, sem var hinn vinalegasti.



ÖLLUM þessum árum síðar sé ég hins vegar enn eftir því að hafa ekki gert það sama og þessi maður, eða láta mig varða hans framferði. Ég skammast mín reyndar fyrir að hafa ekki komið konunni hans og börnunum þremur til hjálpar með þeim einfalda hætti að banka upp á eða hringja þegar hann gekk berserksgang þarna fyrir ofan mig. Ég veit að hann braut allt sem hægt var að brjóta, en ekki hvort hann lagði hendur á konuna eða börnin. Hræðsluveinin í þeim fjórum áttu bara að duga til þess að ég tæki af skarið. Eftir á séð vissi ég einfaldlega ekki hvernig ég átti að snúa mér í þessu og gerði þess vegna ekkert.

SVO núna um daginn fékk ég skýrslu í hendurnar um heimilisofbeldi. Tölurnar voru hrikalegar; lögregla er boðuð að heimili fólks hvern einasta dag ársins vegna ósættis af einhverjum toga. Fréttaskrif sem tengdust þessu leiddu mig að ungri konu sem hefur annast tilrauna-verkefni á vegum Barnaverndarstofu, en það snýst einfaldlega um að hún fer með lögreglu inn á heimili þar sem ofbeldi er beitt og börn eru fyrir. Hún sér um sál-gæslu barnanna á meðan lögregla sinnir fullorðna fólkinu. Hún hefur á rúmu ári orðið vitni að því að útlir eru brotnir, andlit skorin og í verstu tilfellum að fórnarlömb ofbeldisins eru borin út af eigin heimili á milli heims og helju. Forstjóri Barnaverndarstofu sagði mér að hann ætti sér þann draum að þetta starf yrði fest í sessi. Ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur um allt land. Hins vegar ætti eftir að finna peningana, þó á honum mætti skilja að það yrði leyst. Einhvern veginn.

HA? Snýst þetta ekki um að hjálpa börnunum sem eru að upplifa helvíti á jörð?

ÞAD eru kannski fleiri en ég sem eiga að skammast sín fyrir aðgerðaleysi? Ég hefði átt að taka upp tólið og slá inn þrjár tölur. Þetta viðurkenni ég fúslega. En ég fer þá fram á að þeir sem einhverju ráða líti á þær tölur sem að þeim snúa.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tónlist ★★★★★

Tíðrá

Salurinn, Kópavogi 23. september

John Humphreys og Allan Schiller spiluðu fjórhent

Skemmtileg (ópolandi) tónlist

Að spila fjórhent á píanó er góð skemmtun. Ef maður er lítill og mjór. Plássið fyrir tvo við sama hljómborðið er ekki stórt. Sumir dúettar enda jafnvel með handalögmálum. Ég man ekki eftir að hafa séð tvo feita píanóleikara spila fjórhent. John Humphreys og Allan Schiller eru líka sæmilega nettir menn. Enda reyndu þeir ekki að bíta hvor annan á barkann á tónleikum í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn var.



Efnisskráin var fjölbreytt, allt frá léttum og vinsælum ungverskum dónsum eftir Brahms yfir í sönötu eftir Hindemith. Humphreys baðst reyndar afsökunar á því verki. Hann sagði að sönötuna væri mun skemmtilegra að spila en að hlusta á. Konan hans þýldi hana ekki. Hindemith er vissulega ekki tónlist sem maður setur á fóninn í partíi. Að minnsta kosti ekki ef maður vill vera sæmilega vinsæll. En leikgleðin á tónleikunum

var slík að það var ekki annað hægt en að hrífast með. Tæknin var frábær, hröð hlaup stórglæsileg, samspilið nákvæmt og fagað. Fágún var einmitt einkennismerki spilamennskunnar. Hún kom ekki síst fram í fyrstu tónsmíðinni á dagskránni. Það var sjötti Branderburgar-konsert Bachs í umritun Max Reger. Hver einasti hljómur var mótaður af aðdáunarverðri smekkvísi, allar hendingarnar voru fagurlega mótaðar. Svipaða sögu er að segja um flest annað á tónleikunum, Fantasiu KV 594 eftir Mozart, Gæsamömmu eftir Ravel, mars eftir Schubert og fimm ungverska dansa eftir Brahms. Leikurinn var fagmannlegur, lifandi, öruggur og spennuþrunginn.

Auðvitað voru einhverjir hnökrar greinanlegir. Á tónleikum er ekki við öðru að búast. Humphreys gretti sig alltaf þegar hann sló feilnótu, sem var dálítið skrítið. Ég er fákunnandi í almannatengslum, en það getur varla verið gott að auglýsa það sérstaklega ef maður gerir mistök!

Fyrir utan þetta mátti helst finna að fantasíunni í f-moll eftir Schubert. Hún er bæði angurvær og dramatísk, enda samin rétt fyrir dauða tón-skáldsins. Drunginn skilaði sér ekki á tónleikunum. Þvert á móti var einhver undarlegur „hæ diddelí dú“ bragur yfir túlkuninni. Spilamennskan var of hröð, það var ópolinmæði í henni sem gerði að verkum að tónlistin komst aldrei á flug.

Að öðru leyti voru þetta skemmtilegir tónleikar sem lofa góðu um veturinn fram undan í Salnum.

Jónas Sen

Niðurstaða: Pottþétt samspil, oftast sannfærandi túlkun; leikur beggja píanóleikara var fagaður en hefði mátt vera rólegri í einu verkinu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 26. september

Hátíðir

16.00 Boðið verður upp á dagskrá í hátíðarsal Háskóla Íslands, í tilefni af Evrópska tungumáladeginum. Það er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem stendur fyrir viðburðinum.

Tónlist

12.15 Kammertrío Kópavogs flytur léttu klassík á tónleikaröðinni Littu inn. Tónleikaröðin er haldin í Salnum, Kópavogi og er miðaverð kr. 1.000.

21.00 Hljómsveitin Vigri heldur kveðju-tónleika á Café Rosenberg.


Fyrirlestrar

